



Íslenskir radióamatörar, starfsárið 2024/25

Fundargerðir stjórnarskiptafundar og stjórnarfundar nr. 1 í nýrri stjórn ÍRA 2024/25; fimmtudag 4. apríl 2024 kl. 18:00 í Skeljanesi.

Fráfarandi stjórn: TF3JB formaður, TF1AM varaformaður, TF3GZ ritari, TF3PW gjaldkeri, TF3NH meðstjórnandi, TF3UA varamaður og TF3EIN varamaður.

Viðtakandi stjórn: TF3JB formaður, TF3GZ og TF3NH (kjörnir til 2 ára), TF1AM og TF3PW (sitja síðara tímabil) og TF3UA og TF1EIN varamenn.

Gestir: Stöðvarnefnd ÍRA (TF3GZ, TF8KY og TF3T) og TF3VS.

Tillaga að dagskrá stjórnarskiptafundar.

- Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
- Fundargerð 7. fundar 2023/24 frá 18. janúar 2024 lögð fram.
- Útistandandi mál fráfarandi stjórnar.
- Stjórnarskipti. Fráfarandi stjórnarmenn kvaddir, gögnum skilað og húslyklum.
- Fundarslit og hlé.

Tillaga að dagskrá 1. Stjórnarfundar.

- Fundarsetning 1. fundar í stjórn félagsins 2024/25.
- Tillaga að dagskrá lögð fram.
- Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

31.01.2024...Erindi til: Ritara IARU Svæðis 1; jákvætt atkvæði ÍRA með tillögu um að þátttaka á fundum Svæðis 1 verði heimil á staðnum og yfir netið; þ.m.t. kosningar.

02.02.2024...Erindi frá: Fjarskiptastofu. Tilkynningu um opnun nýrrar vefsíðu stofnunarinnar á netinu.

05.02.2024...Erindi til: Fjarskiptastofu. Beiðni um að stofnunin gangist fyrir prófi til amatörleysis laugardag 16. mars í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi.

05.02.2024...Erindi frá: Fjarskiptastofu. Erindi ÍRA samþykkt.

13.02.2024...Erindi frá: SARL. Tilkynning um Africa All Mode keppnina 16.-17. mars 2024.

14.02.2024...Erindi til: Boðsbref frá formanni DARC um að sækja Ham Radio sýninguna í Friedrichshafen 28.-30. júní; setningarhátið og síðdegisboð fyrir fulltrúa landsfélaganna.

18.02.2024...Erindi til: Giuseppe Cacciulo. Er ítalskur og hefur búið á Íslandi í 16 ár; er 59 ára og langar til að sitja íslenskt próf til amatörleysis. Spyr um næsta námskeið.

18.02.2024...Erindi til: Giuseppe. Skýrt frá því að næsta námskeið sé fyrirhugað haustið 2024. Kennit sé á íslensku, en biðja megi um að próf verði í boði á ensku.

20.02.2024...Erindi frá: Ritara IARU um þema „World Amateur Radio Day“ 18. apríl: „A Century of Connections: Celebrating 100 years of Amateur Radio Innovation, Community and Advocacy“.

20.02.2024...Erindi til: Ritara IARU um vefsíðu á 59. fund framkvæmdaráðs IARU sem haldinn var 30.1.2024. <https://www.iaru.org/reference/ac-summary-records/>

29.02.2024...Erindi frá: Matt, KD9WWG sem ætlar koma til Íslands í sumar og spyr um 2 metra og 70 sentimetra böndin.

29.02.2024...Erindi til: KD9WWG. Hann boðinn velkominn til Íslands. Útskýrt hver er munur á 2M og 70CM hér á landi og í Bandaríkjunum.

16.03.2024...Erindi frá: Hans, TF8BK; áframsent erindi frá Antonio, CT2FZY í.h. ShipXplorer.com sem hafa áhuga á að stækka „AIS network worldwide“. <https://www.shipexplorer.com>

16.03.2024...Erindi til: CT2FZY. Mælt með að ShipXplorer hafi samband við Fjarskiptastofu með ráðgjöf.

18.03.2024...Erindi frá: Fjarskiptastofu; umsókn Einaris Sverris Sandoz um úthlutun kallmerkisins TF3ES sendifélaginu til umsagnar. Einar stóðst próf til N-leyfis 16.3.2024.

18.03.2024...Erindi til: Fjarskiptastofu. ÍRA gerir ekki athugasemd við úthlutun TF3ES til Einaris Sverris Sandoz.

21.03.2024...Erindi frá: Fjarskiptastofu; umsókn Hákonar Arnar Árnasonar um úthlutun kallmerkisins TF3HOA. Hákon Örn stóðst próf til G-leyfis 16.3.2024.

21.03.2024...Erindi til: Fjarskiptastofu. ÍRA gerir ekki athugasemd við úthlutun TF3HOA til Hákonar Arnar Árnasonar.

25.03.2024...Erindi til: Stefan, OE7JDT sem er væntanlegur til landsins í sumar og spyr um APRS.

25.03.2024...Erindi til: OE7JDT. Sendar upplýsingar um stafvarpa og internetgáttir í metrabylgjuviðinu (VHF) hér á landi.

25.03.2024...Erindi til: Fjarskiptastofu með beiðni um uppfærslu aukinna afhæimilda í 50 MHz tíðnisviði sumarið 2024, frá maí-september.

27.03.2024...Erindi frá: Howard, WB2DOF sem er væntanlegur til landsins í ágúst n.k. og spyr um 2 metra og 70 sentimetra böndin.

27.03.2024...Erindi til: WB2DOF. Sendar upplýsingar um endurvarpa á 2M og 70CM hér á landi.

28.03.2024...Erindi frá: URE með tilkynningu um sérstök kallmerki í telfni 75 ára afmælis spænska landstéðsins. <https://75aniversario.ure.es/>

Orðsendingar á milli stjórnarfundar (eftir 18. janúar): 23, 25, 27, 28, 30, og 31. janúar (alls 6 sendingar 23.-31. janúar).

Orðsendingar í febrúar: 1, 3, 5, 6, 7, 9, 11, 13, 14, 15, 16, 17, 18, 19, 21, 24, 25, og 28. febrúar (alls 18 sendingar í febrúar).

Orðsendingar í mars: 1, 5, 7, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18, 21, 22, 24, 25, 26, 27, 28, 29, og 30. mars (alls 21 sending í mars).

- Stjórn skiptir með sér verkum.
- Aðalfundur 2024: Fundargögn, kostnaður og drög að fundargerð lögð fram.
- Við upphaf nýs starfsárs: Verkefni, fyrirkomulag verkefna, fundartími/staður stjórnarfundar.
- Skýrsla gjaldkera um stöðu félagssjóðs.
- Starfsáætlun 2024/25; fyrsta umfjöllun.
- Útgáfuáætlun CQ TF 2024/25. Tillaga ritnefndar lögð fram.
- Frá síðasta stjórnarfundu (18. janúar) og framundan:
 - CQ TF, 1. tbl. 2024 kom út 28. janúar.
 - TF3W var QRV í ARRL International CW keppninni 17.-18. febrúar.
 - Fræðsluerindi á vormánuðum var kynnt 31. janúar.
 - Nýtt viðtæki TF3GZ yfir netið á Sauðarkróki varð QRV 5. febrúar.
 - Próf Fjarskiptastofu til amatörleysis 16. mars.
 - TF3W var QRV í CQ WW WPX SSB keppninni 30.-31. mars.
 - Alþjóðadagur radióamatöra 2024; 18. apríl; starfræksla TF3WARD.
 - Páskaleikar 2024; 3.-5. maí.
- Önnur mál.
 - Miele ryksuga keypt fyrir félagið (1. febrúar).
 - Bánujármsgirðingin við Skeljanes viðgerð (5. febrúar).
 - Radiódót frá TF3WS (8. febrúar).
 - Hugmynd TF2LL um samstarf ÍRA við [radió]skáta.
 - Radiódót frá TF3WS (21. mars).
 - Radiódót frá TF3VS (21. mars).
 - Skipan 3 manna nefndar sem annast streymis- og upptökumál fá viðburðum í Skeljanesi.
- Búnaður í fjarskiptaherbergi ÍRA – aðgengilegur fyrir félagsmenn til notkunar yfir netið?
- Næsti fundur stjórnar.
- Fundarslit.

STJÓRNARSKIPTAFUNDUR 4. APRÍL 2024.

a. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.

Formaður, TF3JB setti fund kl. 18:00 og bauð menn velkomna. Mættir voru: TF3JB, TF1AM, TF3GZ, TF3PW, TF3NH, TF3UA og TF1EIN og einn gestur, TF8KY sem sat fundinn með leyfi. Tillaga að dagskrá var lögð fram og samþykkt.

b. Fundargerð 7. fundar 2023/24 frá 18. janúar lögð fram.

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

c. Útistandandi mál fráfarandi stjórnar.

Þar sem stjórn situr áfram óbreytt eru menn inni í málum. Engin sérstök mál eru útistandandi, en skoða þarf embættismannakerfið.

d. Stjórnarskipti. Fráfarandi stjórnarmenn kvaddir, skila gögnum og húslyklum.

Formaður, TF3JB þakkaði fráfarandi stjórn fyrir framúrskarandi góð störf.

e. Fundarslit og fundarhlé.

Formaður, TF3JB sleit stjórnarskiptafundi kl. 18:10.

Fundargerð ritaði
Georg Kulp, TF3GZ
ritari ÍRA

FYRSTI FUNDUR NÝRRAR STJÓRNAR 4. APRÍL 2024.

1. Fundarsetning 1. fundar í stjórn félagsins starfsárið 2024/25.

Formaður, TF3JB setti fundinn kl. 18:15 og bauð menn hjartanlega velkomna. TF3JB, TF1AM, TF3GZ, TF3PW, TF3NH, TF3UA og TF1EIN.

2. Tillaga að dagskrá lögð fram.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

Formaður fór yfir innkomin og útsend erindi á milli funda. Engar athugasemdir komu fram.

4. Stjórn skiptir með sér verkum

Ný stjórn félagsins skipti með mér verkum og er þannig skipuð starfsárið 2024/25:

Jónas Bjarnason, TF3JB formaður; leyfisbréf nr. 80.
Andrés Þórarinnsson, TF1AM varaformaður; leyfisbréf nr. 88.
Georg Kulp, TF3GZ ritari; leyfisbréf nr. 301.
Jón Björnsson, TF3PW gjaldkeri; leyfisbréf nr. 451.
Njáll H. Hilmarsson, TF3NH meðstjórnandi, leyfisbréf nr. 425.
Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA varamaður; leyfisbréf nr. 90.
Heimir Konráðsson, TF1EIN varamaður; leyfisbréf nr. 177.

5. Aðalfundur ÍRA 2024: Fundargögn, kostnaður og drög að fundargerð lögð fram.

Aðalfundur félagsins 2024 var haldinn í safnaðarheimili Neskirkju sunnudaginn 10. mars. Embættismenn fundarins voru kjörnir þeir Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS og Georg Kulp, TF3GZ sem fundarstjóri og fundarritari. Alls mætti 21 félagsmaður. Fundurinn var settur kl. 14:00 og slitið kl. 15:10. Félagsgjald var ákveðið kr. 7.500 fyrir rekstrarárið 2024.

Kostnaður félagssjóðs vegna húsaleigu og kaffiveitinga á fundinum nam 26.000 krónum, vegna prentunar aðalfundargagna 24.900 krónum og kostnaður vegna prentunar ársskýrslu 175.248 krónum.

Gögn sem voru lögð voru fram í aðalfundarmöppu:

- Dagskrá fundarins skv. 19. gr. félagslaga; sérprentun.
- Lög ÍRA; sérprentun.
- Skýrsla um starfsemi ÍRA 2023/24 (228 bls. að stærð).
- Áritaður ársreikningur félagssjóðs fyrir rekstrarárið 2023.
- Þættir í munnlegri skýrslu formanns um starfsemi félagsins; áhersluatriði.

6. Við upphaf nýs starfsárs: Verkefni, fyrirkomulag verkefna, fundartími/staður stjórnarfunda.

Formaður, TF3JB fór yfir starfsárið 2024/25 og kom víða við. Hann lagði fram og kynnti yfirlit yfir helstu verkefni nýs starfsárs. Hann sagðist skipta þeim í tvo flokka, föst verkefni og ný – auk þeirra sem verða tilfallandi sem ætíð eru ófyrirséð. Hann sagðist gera ráð fyrir 6-8 formlegum stjórnarfundum. Miðað er við að þeir verði haldnir í Skeljanesi, nema annað verði ákveðið, s.s. að efna til fjárfunda. Ennfremur er gert ráð fyrir a.m.k. einum félagsfundum á starfsárinu. Framlagt yfirlit um verkefni:

- *Félagsaðstaðan í Skeljanesi er opin fyrir félagsmenn og gesti á fimmtudagskvöldum, nema á frídögum og öðrum hátíðisdögum. Starfsárið stendur yfir frá 10. mars 2024 til 16. febrúar 2025. Alls eru 49 fimmtudagar sem falla innan starfsársins – en að frádregnum frídögum, verður félagsaðstaðan í Skeljanesi opin í alls 44 fimmtudagskvöld á starfsárinu.*

MARS 2024	
1.	Fimmtudagur 14. mars – opið
2.	Fimmtudagur 21. mars – opið
-	Fimmtudagur 28. mars – skírdagur
APRIL 2024	
3.	Fimmtudagur 4. apríl
4.	Fimmtudagur 11. apríl
5.	Fimmtudagur 18. apríl
-	Fimmtudagur 25. apríl – sumardagurinn fyrsti
MAÍ 2024	
6.	Fimmtudagur 2. maí – opið.
-	Fimmtudagur 9. maí – uppstigningardagur.
7.	Fimmtudagur 16. maí – opið.
8.	Fimmtudagur 23. maí – opið.
9.	Fimmtudagur 30. maí – opið.
JÚNÍ 2024	
10.	Fimmtudagur 6. júní – opið.
11.	Fimmtudagur 13. júní – opið.
12.	Fimmtudagur 20. júní – opið.
13.	Fimmtudagur 27. júní – opið.
JÚLÍ 2024	
14.	Fimmtudagur 4. júlí – opið.
15.	Fimmtudagur 11. júlí – opið.
16.	Fimmtudagur 18. júlí – opið.
17.	Fimmtudagur 25. júlí – opið.
ÁGÚST 2024	
18.	Fimmtudagur 1. ágúst – opið.
19.	Fimmtudagur 8. ágúst – opið.
20.	Fimmtudagur 15. ágúst – opið.
21.	Fimmtudagur 22. ágúst – opið.

SEPTEMBER 2024	
23.	Fimmtudagur 5. september – opið
24.	Fimmtudagur 12. september – opið
25.	Fimmtudagur 19. september – opið
26.	Fimmtudagur 26. september – opið
OKTÓBER 2024	
27.	Fimmtudagur 3. október – opið
28.	Fimmtudagur 10. október – opið
29.	Fimmtudagur 17. október – opið
30.	Fimmtudagur 24. október – opið
31.	Fimmtudagur 31. október – opið
NÓVEMBER 2024	
32.	Fimmtudagur 7. nóvember – opið.
33.	Fimmtudagur 14. nóvember – opið.
34.	Fimmtudagur 21. nóvember – opið.
35.	Fimmtudagur 28. nóvember – opið.
DESEMBER 2024	
36.	Fimmtudagur 5. desember – opið.
37.	Fimmtudagur 12. desember – opið.
38.	Fimmtudagur 19. desember – opið.
-	Fimmtudagur 26. desember – Annar í jólum
JANÚAR 2025	
-	Fimmtudagur 2. janúar – lokað.
39.	Fimmtudagur 9. janúar – opið.
40.	Fimmtudagur 16. janúar – opið.
41.	Fimmtudagur 23. janúar – opið.
42.	Fimmtudagur 30. janúar – opið.
FEBRÚAR 2025	
43.	Fimmtudagur 6. febrúar – opið.
44.	Fimmtudagur 13. febrúar – opið

- *Húsnefnd annast opnun, frágang og lokun húsnæðis á fimmtudagskvöldum. Hér er átt við röðun húsgagna, þrif og annan frágang til að halda húsnæði vistlegu, þ.m.t. í fjarskipta- og QSL herbergjum. Í annan stað, að sjá um innkaup á kaffi, te, meðlæti og hreinsunartólum í samráði við gjaldkera og síðan, að taka fram og gera klárt, kaffi og kaffibrauð á opnunarkvöldum og ganga frá á eftir. Einnig að tína rusl sem oft safnast að inngangi hússins, annast snyrtingu á gróðri við húsið o.s.frv.*
- *Stöðvarnefnd gerir tillögur um og annast framkvæmd og uppsetningu/viðhald búnaðar í fjarskipta-herbergi og á loftnetum. Fjarskiptaborð A, B og C; viðhald og uppfærsla. Margt bíður, m.a. jarðtengingar, frágangur á köplum og snúrum o.fl.*
- *Rítnefnd gerir tillögu um, undirbýr og annast útgáfu félagsbladsins CQ TF, a.m.k. fjórum sinnum á ári. Nefndin gerir einnig tillögur til stjórnar að kynningarefni fyrir áhugamálið.*
- *Virkjun kallmerkja félagsins utanlands. Virkjun TF3IRA/TF3W í helstu alþjóðlegum keppnum, m.a. SAC, CQ, WAE o.fl. Virkjun TF3HQ í IRAU HF World Championship. Virkjun TF3WARD á alþjóðadegi radióamatöra. Virkjun TF3YOTA; ungmennastarf; m.a. í desembermánuði.*
- *Virkjun kallmerkja félagsins innanlands; fjarskiptaviðburðir ÍRA. Páskaleikar ÍRA. VHF/UHF leikar ÍRA. TF útileikar ÍRA og Alþjóðlega vita- og vitaskipahelgi ILLW.*
- *Fræðsludagskrá ÍRA. Fræðsluerindi á vormánuðum 2024 og fleira.*
- *Námskeið ÍRA til amatörprófs. Fyrirhugað er námskeið ÍRA til amatörprófs haustið 2024. Undirbúningur námssefnis. Samvinna stjórnar, prófnefndar og umsjónarmanns námskeiða við undurbúning og rekstur. Aðkoma stjórnarmanna að rekstri námskeiðs til aðstoðar við umsjónarmann.*

- *Netumsjón.* Dagleg umsjón með tölvupóstfangi félagsins, ira@ira.is Umsjón með uppfærslu heimasíðu, www.ira.is; þ.m.t. fréttir/tilkynningar og innsetning á FB síður. Uppfærsla á undirsíðum heimasíðunnar í samvinnu við embættismenn félagsins.
- *Stjórnvöld.* Dagleg/regluleg samskipti við Fjarskiptastofu og ráðuneyti.
- *Erlend samskipti stjórnar og embættismanna.* NRAU, IARU og IARU Svæði 1, auk samskipta við systurfélögin. Önnur erlend samskipti í nafni félagsins.
- *Önnur verkefni.* Endurskoðun/uppfærsla embættismannakerfi

7. Skýrsla gjaldkera um stöðu félagsjóðs

Gjaldkeri, TF3PW fór yfir stöðu félagsjóðs og er staðan 1.277.210 krónur. Jón benti á, að innheimta félagsgjalds 2024/25 er ekki hafin.

8. Starfsáætlun 2024/25; fyrsta umfjöllun

Farið var yfir starfsáætlun nýliðins starfsárs 2023/24 – til kynningar. Stefnt er að því að leggja fram fullbúið handrit að áætluninni á næsta fundi stjórnar og munu stjórnarmenn senda tillögur til formanns.

9. Útgáfuáætlun CQ TF 2024/25. Tillaga ritnefndar lögð fram.

Ritsstjóri, TF3UA fór yfir tillögu ritnefndar frá 19. mars s.l., að útgáfuáætlun 2024/25. Áætlunin gerir ráð fyrir fjórum tölublöðum á starfsárinu samkvæmt meðfylgjandi töflu.

TÖLUBLAÐ	AUGLÝST EFTIR EFNI	ÚTKOMUDAGUR	TÍMI FRÁ SÍÐASTA TÖLUBLAÐI
1. tbl. 2024	-	Sunnudagur 28. janúar	-
2. tbl. 2024	7. til 21. apríl	Sunnudagur 28. apríl	11 vikur – 2 ¾ mánuðir
3. tbl. 2024	16. júní til 7. júlí	Sunnudagur 14. júlí	11 vikur – 2 ¾ mánuðir
4. tbl. 2024	15.-19. september	Sunnudagur 6. október	11 vikur – 2 ¾ mánuðir
1. bl. 2025	2.-15. janúar 2025	Sunnudagur 26. janúar	13 vikur – 3 ¼ mánuðir

Miðað er við að hvert blað verði af stærðinni 40-48 blaðsíður og að prentuð verði 25 eintök af hverju blaði til notkunar fyrir félagið (óbreytt frá síðasta starfsári). Þá er miðað við að birta áfram styrktarlínu Vodafone á bls. 2 [eins sem birt var í fyrsta sinn í 1. tbl. 2022]. Tillaga ritnefndar samþykkt samhljóða.

10. Frá síðasta stjórnarfundi (18. janúar) og framundan.

Formaður, TF3JB fór yfir helstu atriði í félagsstarfinu frá síðasta stjórnarfundi (18. janúar 2024), auk þess að kynna stuttlega næstu atriði sem eru framundan.

- CQ TF, 1. tbl. 2024.* Blaðið var sett inn á heimasíðu ÍRA og FB síður 28. janúar. Stærð: 52 blaðsíður. Blaðið var sent á rafrænu formi til systurfélaganna á Norðurlöndum 31. janúar. Það var sent í prentun 4. febrúar og í framhaldi póstlagt til stjórnvalda, heiðursfélaga og til félaga sem eiga efni í blaðinu 13. febrúar.
- TF3W var QRV í ARRL Intenational CW keppninni 2024.* Félagsstöð ÍRA, TF3W var virkjuð í ARRL morskpeppninni 17.-18. febrúar. Fjöldi sambanda: 1.539. Bráðabirgðaniðurstöður (e. *score before checking*): 1,021,644 punktar. Keppt var í flokknum „Multi operator, single transmitter, low power“. Viðvera: 33 klst. Þakkir til Alex, TF/UT4EK og Sæmundar, TF3UA fyrir að virkja kallmerkið.
- Verkefni um fræðsluerindi á vormánuðum var kynnt 31. janúar.* Fræðsluerindin voru sett upp í töflu 28. janúar í samráði við Andrés Þórarinsson, TF1AM varaformann sem stýrði verkefninu. Upplýsingatafla var enduruppsett af Vilhjálmi Í. Sigurjónssyni, TF3VS 31. janúar og í framhaldi sett inn á opnunarsíðu heimasíðunnar. Taflan var í framhaldi send í prentun þar sem nokkur eintök voru prentuð í A3 stærð til upplímingar í Skeljanesi og 40 eintök í A4 stærð, til að liggja frammi í salnum í félagsaðstöðunni.
- Nýtt viðtæki TF3GZ yfir netið var sett upp á Sauðárkróki 5. febrúar.* Nýtt KiwiSDR viðtæki yfir netið var tengt á Sauðárkróki 5. febrúar. Um er að ræða KiwiSDR viðtæki í eigu Georgs Kulp, TF3GZ sem Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A forritaði og Kristján J. Gunnarsson, TF4WD hýsir í húsnæði sem er á hans vegum í útjaðri Sauðárkróks, ekki langt frá Steinullarverksmiðjunni – sem aftur er steinsnar frá höfninni. Vefslóð: <http://krokur.utvarp.com>
- Próf Fjarskiptastofu til amatörleyfis 16. mars.* Eftirtaldir stóðust próf Fjarskiptastofu til amatörleyfis þann 16. mars. Einar Sverrir Sandoz, Reykjavík (fæddur 1966) – N-leyfi – TF3ES og Hákon Örn Árnason, Reykjavík (fæddur 1986) – G-leyfi – TF3HOA. Af þeim fimm sem mættu til prófs tóku fjórir þátt í prófi í reglum og viðskiptum (en einn hafði áður náð árangri

til G-leyfis). Þeir tveir sem útaf standa, náðu báðir árangri í reglum og viðskiptum; annar til N-leyfis og hinn til G-leyfis.

- f. *TF3W var QRV í CQ WW WPX SSB keppninni 2024.* Félagsstöð ÍRA, TF3W var virkjuð í CQ World Wide WPX SSB keppninni helgina 30.-31. mars. Kallmerkið TF3W var notað. Keppt var í flokknum „Multi operator, single transmitter, high power“. Þakkir til Sigurðar, TF3CW; Alex, TF/UT4EK; og Ólafs, TF3OJ fyrir að virkja kallmerkið.

FRAMUNDAN-1: Alþjóðadagur radióamatöra er 18. apríl; starfræksla TF3WARD. Alþjóðadagurinn kemur upp á fimmtudag. Stefnt er að því að virkja kallmerkið frá Skeljanesi. Kallmerkið hefur verið virkjað árlega frá árinu 2020. Sérstakt kallmerki félagsins er TF3WARD (World Amateur Radio Day).

FRAMUNDAN-2: Páskaleikar ÍRA 3.-5. maí. Páskaleikar ÍRA 2024 verða haldnir helgina 3.-5. maí n.k. Þetta verður í 8. skipti sem félagið gengst fyrir leikunum sem voru fyrst haldnir árið 2018. Stefnt er að því að virkja kallmerkið TF3IRA í leikunum.

11. Önnur mál.

Formaður, TF3JB fór yfir önnur helstu atriði frá síðasta stjórnarfundum (18. janúar 2024) – sem flokkast undir „Önnur mál“.

- a. *Miele ryksuga keypt fyrir félagið (1. febrúar).* Ný ryksuga af Miele gerð (Complete C3 Active) var færð í hús í Skeljanesi 1. febrúar. Það Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA sem annaðist innkaupin og fékk 25% afslátt hjá Elko. Þakkir fyrir þessi hagkvæmu viðskipti fyrir hönd ÍRA.
- b. *Bárujárnsgirðingin við Skeljanes viðgerð (5. febrúar).* Georg Kulp, TF3GZ stóð sig vel eins og fyrri daginn og fyllti upp í gatið á löngu bárujárnsgirðingunni 5. febrúar. Plöturnar sem höfðu fokið í veðrinu fyrir nokkrum vikum voru aftur settar á hurðargrindina með hnoðum. Þakkir til Georgs fyrir að bregðast skjótt við. Síðan verður sett málning á opnunina í veggnum þegar veður lagast í vor.
- c. *Radiódót frá TF3WS (8. febrúar).* Töluvert magn af dóti barst frá Sigga Harðar 8. febrúar, m.a. Yaesu FT-180A stöðvar, Yaesu FTC-1525A VHF stöðvar, JVC audio búnaður, Siemens skipatæki (viðtæki), verulegt magn af radiólömpum o.m.fl. Þakkir til Sigga fyrir hugulemina.
- d. *Hugmynd TF2LL um samstarf ÍRA við [radió]skáta.* Eftirfarandi er tölvupóstur frá Georg Magnússyni, TF2LL sem sendur var félaginu í júlí 2023 og lent á milli skips og bryggju hjá formanni. Erindið er hins vegar jafn mikilvægt í apríl 2024 og það var í fyrrasumar og því lagt fyrir stjórn ÍRA nú.

Í nýjasta tölublaði CQ TF (3. tbl. 2023 júlí) sér ritstjórnin ástæðu til þess í leiðara að minnst á félagafjölda, þróun og horfur í fjölgun félaga og nefnir þar prósentur máli sínu til stuðnings, auk fjölda sem hefur skráð sig á næstanámskeið. Ég hef velt þessu fyrir mér öðru hvoru, hvernig bæta megi úr og auka starfsemina og þar með félagaföldann. Þegar maður flettir QST og RadCom, félagsblöðum amerísku og ensku radióamatörafélaganna sér maður oft og iðulega greinar um skáta unga sem aldna radióskáta við störf og leik. Ég sé ekki betur en að skátastarfið í þessum löndum skili sér áfram til félaganna. Það sem ég velti fyrir mér hvort ekki væri hægt að koma á samstarfi, samvinnu milli skátanna hér heima og félagsins? Nýta félagsaðstöðuna betur en gert er og fá þannig unga fólk inn í húsið? Nú þekki ég ekki hvernig skáta starfinu er háttað hvað varðar radióskáta og slíka starfssemi innan skátanna né heldur hvernig samvinnu og samstarfi hefur verið háttað milli ÍRA og skátanna í gegn um tíðina en vil þó nefna að margir öflugir radióamatörar og þar á meðal stjórnarmenn ÍRA eru í og tengdir skátahreyfingunni og unnið mikið og gott starf beggja megin borðsins, ef svo má að orði komast. Af þessu framansögðu langar mig til þess að beina því til stjórnar ÍRA hvort ekki sé hægt að koma á auknu samstarfi og samvinnu, milli félagsins og skátanna með það að markmiði samnýta félagsaðstöðuna sem myndi svo vonandi á endanum skila sér til baka til félagsins í formi nýrra, ungra, áhugasamra félaga. 73 de TF2LL.

Andrés Þórarinsson, TF1AM varaformaður tekur að sér að gera tillögur til stjórnar.

- e. *Radiódót frá TF3WS (21. mars).* Töluvert magn af dóti barst frá Sigurði Harðarsyni, TF3WS 21. mars. M.a. ýmislegt radiódót, þ.á.m. mælitæki. Þakkir til Sigga fyrir hugulemina.
- f. *Radiódót frá TF3VS (21. mars).* Radiódót barst frá Vilhjálmi Í. Sigurjónssyni, TF3VS 21. mars. M.a. Fieldmaster CB handstöðvar. Þakkir til Vilhjálms fyrir hugulemina.
- g. *Skipan 3 manna nefndar sem annast streymis- og upptökumál fá viðburðum í Skeljanesi.* Andrés Þórarinsson, TF1AM varaformanni tekur að sér að gera tillögur til stjórnar.

12. Búnaður í fjarskiptaherbergi ÍRA – aðgengilegur fyrir félagsmenn til notkunar yfir netið?

Formaður, TF3JB bauð gesti fundarins velkomna. Það voru annars vegar stöðvarnefndarmenn: Georg Kulp, TF3GZ formaður, Hrafnkell Sigurðsson, TF3GZ og Benedikt Sveinsson, TF3T. Og hins vegar, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS. Formaður kynnti framlagða samantekt sem allir viðstaddir höfðu fengið senda fyrir fundinn.

Þar kemur m.a. fram að á félagsfundum s.l. 2 ár (2022 og 2023) hefur verið fjallað um uppbyggingu félagsstöðvarinnar. Á fundinum 10. nóvember 2022 var sett fram áætlun um uppbyggingu loftneta TF3IRA. Á fundinum ári síðar (9. nóvember 2023) flutti stjórn félagsins skýrslu um uppbygginguna sem átti sér stað sumarið 2023 þegar sett voru upp þrjú ný loftnet á HF.

Um er að ræða 9 staka Yagi loftnet á 17-10 metrum, stangarnet á 80-10 metrum og endafætt vírnet á 80 og 40 metrum. Að auki var gert við eldra Yagi loftneti fyrir 20 metra og lagfært diskloftnet fyrir fjarskipti um QO-100 gervitunglið. Fyrir var endafætt vírnet á 160 metrum.

Samkvæmt ofangreindu má segja að „loftnetabúskapur“ félagsstöðvarinnar sé orðinn mjög viðunandi. Í ljósi þess, lagði fráfaramandi stjórn til á aðalfundi ÍRA 2024 að viðtakandi stjórn hlutist til um að skipa nefnd sem kanni fýsileika þess að búnaður TF3IRA geti orðið aðgengilegur fyrir félagana yfir netið.

Spurning er, hvort nauðsynlegt er að setja málið í nefnd í ljósi þess – að bent hefur verið á að í stað þess að nota núverandi HF stöð (Icom IC-7610) fái fram veruleg einföldun með því að selja hana og kaupa FlexRadio 6400M stöð. Þar með megi losna við kaup á búnaði sem Icom stöðin þurfi en Flex stöðin hafi innibýggðan. Kostnaður félagssjóðs gæti verið um 200 þúsund krónur vegna þessa.

Til að ræða þetta og fleiri atriði sem stöðvarnefnd hefur skoðað undanfarnar vikur og sem varða aðstöðuna í fjarskiptaherbergi félagsins – var stöðvarnefndin beðin um að mæta á þennan 1. fund stjórnar félagsins. TF3VS var einnig beðinn um að mæta og hafa meðferðis FlexRadio Maestro stjórnborð sem hann getur tengt við FlexRadio 6600 stöð sína heima í Kópavogi og sýnt virkan þessa búnaðar.

Mættir voru á fundinn úr stöðvarnefnd, Georg Kulp, TF3GZ formaður, Benedikt Sveinsson, TF3T og Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY. Ennfremur Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS með mætti á staðinn með FlexRadio Maestro stjórnborð til þess að sýna fundarmönnum virkan þess.

Farið var yfir mál sem varða aukinn aðgang félagsmanna að stöðvum og búnaði félagsins. Komið var m.a. inn á hvaða tæki þurfi að kaupa og þann búnað sem þarf til – til þess að koma á fjaraðgangi. Ennfremur þarf að jarðtengja tæki og búnað og hefur Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID boðið fram aðstoð í þeim efnum.

Ritari, TF3GZ fór yfir hvernig hann sér fyrir sér nýja borðplötu í fjarskiptaherberginu í stað þeirra fjögurra borða þar eru í dag – og hvernig vinnu yrði háttáð í kringum uppsetningu. Fara má í verkefnið við tækifæri þar sem ekki bráðliggur á.

Georg skýrði stuttlega frá því að stöðvarnefnd hafi hist tvisvar og rætt málin sín á milli, þ.e. hvernig menn sjá fyrir sér aukna nýtingu fjarskiptabúnaðar félagsins. Tækakaup voru nefnd, þ.á.m. kaup á loftnetsskipti og búnaði fyrir fjaraðgang. Nefndamenn hafi verið sammála um, að byrja þurfi á að taka til í fjarskiptaheberginu og ganga frá jarðbindingu.

Að lokum setti Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS upp FlexRadio Maestro stjórnborð sem tengdist FlexRadio 6600 stöð hans heima í Kópavogi yfir netið. Hann útskýrði jafnframt búnaðinn og þá möguleika sem í boði eru yfir netið.

13. Næsti fundur stjórnar.

Ekki var tiltekin ákveðin dagsetning, en samþykkt að efna til næsta fundar eftir 3-4 vikur.

14. Fundarslit.

Formaður, TF3JB þakkaði stjórnarmönnum og gestum fyrir góða fundarsetu og sleit fundi kl. 19:40.

Fundargerð ritaði
Georg Kulp / TF3GZ
ritari ÍRA



Íslenskir radióamatörar, starfsárið 2024/25

Fundargerð stjórnarfundar nr. 2 haldinn fimmtudag 2. maí 2024 kl. 18:00 í Skeljanesi.
Mættir: TF3JB formaður; TF1AM varaformaður; TF3GZ ritari; TF3PW gjaldkeri; TF3NH meðstjórnandi; TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn.

Tillaga að dagskrá.

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð stjórnarskiptafundar frá 4. apríl lögð fram.
3. Fundargerð 1. fundar stjórnar ÍRA 2024/25 frá 4. apríl lögð fram.
4. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

01.04.2024...Erindi frá: REP – Rede Dos Emissores Portugueses tilkynna um að kallm. CR5ØY verði QRV í tilefni þess að 50 ár eru liðin frá byltingunni 25. apríl 1974.
02.04.2024...Erindi frá: Matt, KD9WWG. Spyrst fyrir um að setja handstöð í loftið frá TF á VHF/UHF í heimsókn þeirra hjóna til landsins í vor.
02.03.2024...Erindi til: Mattis, KD9WWG. Svar sent, m.a. með upplýsingum um að hann geti verið QRV sem TF/KD9WWG. Einnig bent á endurvarpa á Íslandi.
04.04.2024...Erindi frá: Bob, AC1Z. Hyggur á heimsókn til TF í sumar. Spyrst m.a. fyrir um SOTA málefni sem hann er áhugasamur um.
04.04.2024...Erindi til: Bobs, AC1Z. Svar sent, m.a. með upplýs. um SOTA verkefnið (Summits On The Air) og ennfremur vísað á TF3EK til að spyrja frekari spurninga.
05.04.2024...Erindi frá: Lucas, W6AER. Sendir vefsíðu á upptöku úr CQ WPX SSB keppninni 2024, þar sem m.a. má heyrja QSO við TF3W á myndbandinu.
Vefsíðu: <https://www.youtube.com/watch?v=nl8DcJarl1A>
05.04.2024...Erindi til: Lucasar, W6AER. Lucasi þökkúð sendingin.
07.04.2024...Erindi frá: Henni, OH1ESI form. IARU-R1 ungmennavinnuhópsins. Hún vekur athygli á nýju YOTA NEWSLETTER vinnuhópsins og óskar eftir efni.
07.04.2024...Erindi til: Henni, OH1ESI. Óskað til hamingju með fréttabréfið. Jafnframt skýrt frá því að erindið hafi verið framsent til TF2EQ ungmennfulltrúa ÍRA.
12.04.2024...Erindi til: Fjarskiptastofu. Tilkynning um nýja stjórn ÍRA starfstímabilið 2024/25.
12.04.2024...Erindi til: Ritara IARU, ritara IARU R-1 og tengilið NRAU. Tilkynning um nýja stjórn ÍRA starfstímabilið 2024/25.
16.04.2024...Erindi frá: Z32TO form. IARU-R1 HST vinnuhópsins. Tilk. er um að frestur til skráningar á High Speed Telegraphy World Championship renni út 10. maí n.k.
17.04.2024...Erindi frá: YU1EA formanni IARU-R1 ARDF vinnuhópsins. Tilk. er um að frestur til skráningar á 6. IARU ARDF Youth World Championship renni út 10. maí n.k.
21.04.2024...Erindi frá: ZS4BS ritara SARL. Tilkynnt er um útkomu ársskýrslu SARL 2023/24. Vefsíðu: [https://mail.google.com/mail/u/0/#section_query/\(in%3Ainbox+OR+label%3A%5Eiim\)+is%3Aimportant/FMfcgGxSIXZjNWqdJmRlcpwMkdMzdGb?projector=1&messagePartId=0.1](https://mail.google.com/mail/u/0/#section_query/(in%3Ainbox+OR+label%3A%5Eiim)+is%3Aimportant/FMfcgGxSIXZjNWqdJmRlcpwMkdMzdGb?projector=1&messagePartId=0.1)
Orðsendingar á milli stjórnarfunda (eftir 1. apríl): 2., 5., 6., 8., 10., 11., 12., 13., 14., 16., 17., 18., 19., 23., 24., 25., 26., 27. og 29. apríl (alls 19 sendingar 4.-29. apríl).

5. Skýrsla gjaldkera um innheimtu félagsgjalda 2024 og stöðu félagssjóðs.
6. Tillaga að starfsáætlun stjórnar starfsárið 2024/25 lögð fram.
7. Félagsritið CQ TF 2. tbl. kom út 28. apríl.
8. Kallmerkið TF3WARD var starfrækt á alþjóðadag radióamatöra 18. apríl.
9. Fjarskiptaleikar ÍRA (Páskaleikar) 3.-5. maí.
10. Kallmerkið TF3W verður starfrækt í CQ WW WPX CW keppninni 25.-26. maí.
11. Skipan 3 manna nefndar sem annast streymis- og upptökumál fá viðburðum í Skeljanesi.
12. Hugmynd TF2LL um samstarf ÍRA við [radió]skáta. Framhaldsumfjöllun.
13. Búnaður í fjarskiptaherbergi ÍRA – aðgengilegur fyrir félagsmenn til notkunar yfir netið?
14. Önnur mál.
 - a. Stuðningur við rekstur KiwiSDR viðtækis á Sauðárkróki (var tengt 5. febrúar).
 - b. Vinna í fjarskiptaherbergi; tenging á aflgjöfum; TF3GZ (10. apríl).
 - c. Nýjar merkingar við inngang í Skeljanesi; TF3JB (11. apríl).
 - d. Rimlastólar í eigu félagsins lagfærðir; TF3GZ (11. apríl).
 - e. Flutningur og flokkun á tímaritaeign félagsins í fundarsal; TF3JB (11. apríl).
 - f. Tiltekt í fundarsal í Skeljanesi; bókaskápar m.a. fluttir; TF3JB og TF3GZ (12. apríl).
 - g. Leðursófasett gefið félaginu; gefandi: NN (14. apríl).
 - h. Orgel flutt og nýtt leðursófasett flutt í salinn í Skeljanesi; TF3JB, TF3GZ, TF3CW (16. apríl).
 - i. Gjöf til ÍRA í tilefni alþjóðadags radióamatöra; rjómaterta, svokölluð „Skálaterta“. Gefandi: NN.
 - j. Radíódót frá TF3FG (18. apríl).
15. Næsti fundur stjórnar.
16. Fundarslit.

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.

Formaður, TF3JB bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:00 og lagði fram tillögu að dagskrá, sem var samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð stjórnarskiptafundar frá 4. apríl lögð fram.

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

3. Fundargerð 1. fundar stjórnar ÍRA 2024/25 frá 4. apríl lögð fram.

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

4. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

Formaður, TF3JB fór yfir helstu innkomin og útsend erindi á milli stjórnarfunda. Engar athugasemdir voru gerðar.

5. Skýrsla gjaldkera um innheimtu félagsgjalda og stöðu félagssjóðs.

Gjaldkeri, TF3PW skýrði frá stöðu félagssjóðs sem var 1.241.775 krónurr. Engir útstandandi reikningar bíða. Innheimta félagsgjalda verður send út fljótlega, en rugl með kennitölur tveggja félagsmanna seinkaði útsendingu innheimtunnar.

6. Tillaga að starfsáætlun stjórnar starfsárið 2024/25 lögð fram.

Formaður, TF3JB lagði fram og kynnti tillögu að starfsáætlun stjórnar ÍRA fyrir nýhafið starfsár, 2024/25. Handritið var lesið upp og farið yfir númeraða liði. TF1AM, varaformaður og TF3UA, varastjórn gerðu tillögum um bætt orðalag. Að því búnu var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

7. Félagsritið CQ TF 2. tbl. 2024 kom út 28. apríl s.l.

Formaður, TF3JB fór yfir útgáfuférl 2. tölublaðs ásamt ritstjóra CQ TF, TF3UA. Fram kom, að mikil ánægja er með blaðið hjá félagsmönnum. Fram kom, einnig að 15 félagar eiga efni í blaðinu og að þetta var 25. tölublaðið sem Vilhjálmi Í. Sigurjónsson, TF3VS og þakkar stjórn ÍRA Vilhjálmi frábæra vinnu við uppsetningu. Sérstakar voru jafnframt samþykktar til Andrésar Þórarinssonar, TF1AM fyrir glæsilega forsíðumynd.

Útgáfuférl 2. tbl. CQ TF 2024:

- 19. mars: Fyrri fundur ritnefndar um útgáfuna.
- 4. apríl: Ritstjóri, TF3UA kallar eftir efni í nýtt tölublað á heimasíðu og FB síðum.
- 10. apríl: Erindið endurtekið með innsetningu á heimasíðu og FB síður.
- 22. apríl: Síðari fundur ritnefndar.
- 28. apríl: 2. tbl. CQ TF 2024, 48 bls. að stærð kom út á heimasíðu ÍRA og FB síðum.
- 13. maí: Handrit að 2. tbl. sent í prentun hjá Háskólaprenti.
- 17. maí: Prentuð eintök sótt til Háskólaprents.
- 20. maí: Prentuð eintök póstlögð til Fjarskiptastofu, ráðuneytis, heiðursfélaga o.fl.
- 23. maí: Prentuð eintök lögð fram til flettingar og lestrar í félagsaðstöðu í Skeljanesi.
- 31. maí: Stafræn útgáfa blaðsins send á systurfélög ÍRA á Norðurlöndunum.

8. Kallmerkið TF3WARD var starfrækt á alþjóðadag radióamatöra 18. apríl.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi á alþjóðadag radióamatöra, 18. apríl. Kallmerkið TF3WARD var sett í loftið í hádeginu kl. 12:20. Skilyrði voru góð og var stöðin QRV meira og minna allan daginn til kl. 22 um kvöldið.

Alls voru höfð 1.177 sambönd – um allan heim á 14 MHz, SSB þ.á.m. við 11 TF kallmerki. Þetta var í 5. skiptið sem kallmerkið TF3WARD var virkjað, en kallmerkinu var útlutað til félagsins árið 2020 og var það fyrsta árið sem það var sett í loftið. Þrjú félagar virkjuðu stöðina: Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY; Sigurður R. Jakobsson, TF3CW og Jónas Bjarnason, TF3JB.

Opið hús var síðan frá kl. 20 um kvöldið þar sem í boði hin vinsæla rjómaterta sem er kennd við Hressingarskálann í Reykjavík, svokölluð „Skálaterta“ frá Reyni bakara – sem ÍRA var gefin í tilefni alþjóðadagsins. Sérstakar þakkir til NN fyrir velvild í þágu félagsins.

9. Fjarskiptaleikar ÍRA (Páskaleikar) 3.-5. maí.

Formaður, TF3JB fór yfir verklag leikanna. Hann óskaði eftir liðsinni stjórnamanna við að virkja félagsstöðina í leikunum, þótt ekki væri nema hluta úr degi þar sem hann verður sjálfur upptekin við búferlaflutninga þessa helgi.

10. Kallmerkið TF3W verður starfrækt í CQ WW WPX CW keppninni 25.-26. maí.

Félagsstöðin, TF3W verður virkjuð í CQ World Wide WPX CW keppninni helgina 25.-26. Maí. Keppt verður í M/2 (Multi-Two) flokki, sem þýðir að tveir sendar verða virkjaðir samtímis. Þátttakendur verða átta talsins:

Sigurður R. Jakobsson, TF3CW.
Alex M. Senchurov, TF/UT4EK).
Yngvi Harðarson, TF3Y.
Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA.
Kristinn Andersen, TF3KX.
Óskar Sverrisson, TF3DC.
Egill Ibsen, TF3EO.
Guðmundur Sveinsson, TF3SG.

Benedikt Sveinsson, TF3T veitir tæknilega aðstoð við undirbúning og lánar búnað, auk þeirra Guðmundar Sveinssonar, TF3SG sem lánar Yaesu FTdx10 HF stöð og ¼λ færanlegt stangarloftnet fyrir 80 metrana, til Jónasar Bjarnasonar, TF3JB sem lánar Amp Supply LK500-ZC 1kW RF magnara og til Sigurðar R. Jakobssonar, TF3CW sem lánar 18 metra háa glertrefjastöng frá Spiderbeam fyrir Delta loftnet sem verður reist á 40 metrunum.

Sérstakar þakkir til Sigurðar R. Jakobssonar, TF3CW fyrir að hvetja til verkefnisins og fyrir alla vinnu við undirbúning og faglegt utanumhald. Stjórn félagsins óskar Sigurði og hópnum góðs gengis með þökkum til allra sem koma að undirbúningi þessa verkefnis.

11. Skipan 3 manna nefndar sem annist streymis- og upptökumál fá viðburðum í Skeljanesi.

Stjórnarmenn eru sammála um að taka upp fundi í félagsaðstöðunni til birtingar á netinu og setja síðan á netið til geymslu – sem er það fyrirkomulag sem er sennilega heppilegasta formið. Varaformaður, TF1AM tekur að sér að finna félagi í sérstaka 3 manna nefnd sem mundi annast verkefnið.

12. Hugmynd TF2LL um samstarf ÍRA við [radió]skáta. Framhaldsumfjöllun.

Varaformaður, TF1AM ræddi um hugmynd TF2LL. Andrés sagði að radióskátar væri lítill hópur í dag og ekki mjög virkur. Unglingastarf væri þar samt fyrir hendi og kannski gæti slæðst inn einn og einn til okkar félags. Miðað við óbreytt ástand sé þess ekki að vænta að um sérstakt samstarf geti verið að ræða.

13. Búnaður í fjarskiptaherbergi ÍRA – aðgengilegur fyrir félagsmenn til notkunar yfir netið?

Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID hefur tekið að sér að uppfæra jarðbindingar í fjarskiptaherbergi félagsins. TF1AM, varaformaður ætlar að útbúa teikningu af því sem þarf að gera og verður ákveðið seinna með framhaldið. Menn telja líklegt að best kunni að vera að setja upp sérstaka rafmangstöflu (greinatöflu) í fjarskiptaherberginu.

TF3NH, meðstjórnandi nefndi hugmynd sína um netskipti sem væri 100 „Megabitar“ og megi koma fyrir í fjarskiptaherberginu. Hann ætlar að ræða við Benedikt Sveinsson, TF3T um málið, en Benedikt er okkur til ráðuneytis, m.a. í þessum efnunum.

Samþykkt tillaga gjaldkera, TF3PW þess efnis, að listuð verði upp „module“ uppbygging búnaðar sem þarf að kaupa og sem notist við utanaðkomandi aðgengi félagsmanna að stöðvum og búnaði félagsins í fjarskiptaherberginu.

14. Önnur mál.

a. Stuðningur við rekstur KiwiSDR viðtækis á Sauðárkróki (sem var tengt 5. febrúar).

Samþykkt að félagssjóður kaupi KiwiSDR viðtæki til þess að setja upp í félagsaðstöðinni í Skeljanesi. Ennfremur samþykkt að styrkja aðeins tvö KiwiSDR viðtæki yfir netið, þ.e. viðtækin í Örlygshöfn og á Vogastapa. KiwiSDR viðtækið á Sauðárkróki verður því að öllum líkindum aftengt, nema til komi önnur fjármögun rekstrarkostnaðar.

b. Vinna í fjarskiptaherbergi; tenging á aflgjöfum; TF3GZ (10. apríl).

Stjórn ÍRA þakkar Georg Kulp, TF3GZ fyrir að hafa frumkvæði að því að laga frágang á straumleiðslum frá IC-7610 og IC-7300 stöðvum félagsins þar sem þær tengjst í Diamond GSV3000 aflgjafana. Verkefni sem var búið að bíða lengi.

c. Nýjar merkingar við inngang í Skeljanesi; TF3JB (11. apríl).

Stjórn ÍRA þakkar Jónasi Bjarnasyni, TF3JB fyrir að hanna, prenta út og koma fyrir nýjum merkingum með upplýsingum um ÍRA, opnunartíma o.þ.h. við inngang í húsið í Skeljanesi.

d. Rimlastólar í eigu félagsins lagfærðir; TF3GZ (11. apríl).

Stjórn ÍRA þakkar Georg Kulp, TF3GZ fyrir að gera við rimlastóla félagsins í sal í Skeljanesi.

e. Flutningur og flokkun á tímaritaeign félagsins í fundarsal; TF3JB (11. apríl).

Stjórn ÍRA þakkar Jónasi Bjarnasyni fyrir að flokka, endurmerkja og raða skipulega upp tímaritaeign félagsins í bókahillur félagsins í salnum í Skeljanesi.

f. Tiltekt í fundarsal í Skeljanesi; bókaskápar m.a. fluttir; TF3JB og TF3GZ (12. apríl).

Stjórn ÍRA þakkar þeim Jónasi Bjarnasyni, TF3JB og Georg Kulp, TF3GZ fyrir góða tiltekt í fundarsal, þ.á.m. flutning bóka og bókaskápa/hillna til að rýma fyrir nýju leðursófasetti.

g. Leðursófasett gefið félaginu; gefandi: NN (14. apríl).

Stjórn ÍRA þakkar NN fyrir gjöf á brúnu leðursófasetti sem hefur verið komið fyrir salnum.

h. Orgel flutt og leðursófasett flutt í salinn í Skeljanesi; TF3JB, TF3GZ, TF3CW (16. apríl).

Stjórn ÍRA þakkar þeim Jónasi Bjarnasyni, TF3JB, Georg Kulp, TF3GZ og Sigurðir R. Jakobssyni, TF3CW fyrir vinnu við að flytja og koma fyrir leðursófasetti í suðurhluta salarins, eftir að þeir höfðu flutt orgelið frá Ólafsfirði niður á gang á jarðhæð til bráðabirgðageymslu.

i. Gjöf til ÍRA í tilefni alþjóðadags radióamatöra; svokölluð „Skálaterta“. Gefandi: NN.

Stjórn ÍRA þakkar NN fyrir rausnarlega gjöf á 24 manna rjómatertu (sem er svokölluð „Skálaterta“) frá Reyni Bakara á alþjóðadag radióamatöra, 18. apríl.

j. Radiódót frá TF3FG (18. apríl).

Stjórn ÍRA þakkar Hans Konrad Kristjánssyni, TF3FG fyrir radiódót sem hann gaf félaginu 18. apríl.

14. Næsti fundur stjórnar.

Næsti fundur stjórnar var ákveðinn fimmtudaginn 22. ágúst nk. kl: 18:00 í Skeljanesi.

15. Fundarslit

Formaður, TF3JB þakkaði mönnum góðar umræður og sleit fundi kl. 19:40

Fundargerð ritaði

Georg Kulp / TF3GZ

ritari ÍRA



Íslenskir radióamatörar, starfsárið 2024/25

Fundargerð stjórnarfundar nr. 3 haldinn fimmtudag 29. ágúst 2024 kl. 18:00 í Skeljanesi.

Mættir: TF3JB formaður; TF1AM varaformaður; TF3GZ ritari; TF3PW gjaldkeri; TF3NH meðstjórnandi; TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn. Sérstakur gestur fundarins: Kristinn Andersen, formaður Prófnefndar ÍRA.

Tillaga að dagskrá.

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð 2. fundar frá 2. maí 2024 lögð fram.
3. Yfirlit yfir helstu innkomin/útsend erindi á milli funda.

06.05.2024...Erindi frá: Alan WB4L & Susie WX2L. Þau spyrja um tíðniskipan á Íslandi á 2 m. og 70 cm. böndunum.
 06.05.2024...Erindi til: WB4L og WX2L. Erindinu svarað og þeim send tíðniskipanin fyrir ÍARU Svæði 1.
 07.05.2024...Erindi frá: Leo 8AATVA3KY0. Upplýsingar um „Hackathon 2024“ sem haldið verður í nóvember n.k.
 12.05.2024...Erindi frá: Pat, NK7C. Hann áætlað að ferðast til Íslands 21.-28. september og spyr hvort hann geti farið í loftið frá TF3IRA.
 12.05.2024...Erindi til: NK7C boðinn velkominn í Skeljanesi og að virkja TF3IRA á opunartíma félagsaðstöðunnar á fimmtudagskvöldi.
 19.05.2024...Erindi frá: Roger, F4JBL. Langar til að líta við í Skeljanesi þegar hann ferðast til landsins í sumar.
 20.05.2024...Erindi til: F4JBL. Roger boðinn velkominn í félagsaðstöðuna í Skeljanesi.
 01.06.2024...Erindi frá: Formanni ÍARU Svæðis 1; glæður sendar frá ráðstefnu svæðisins s.l. haust.
 07.06.2024...Erindi til: Ara Þórólf Jóhannessyni, TF1A þar sem hann „...segir sig úr félaginu ÍRA“.
 07.06.2024...Erindi til: Ara Þórólf TF1A þar sem póstur hans er staðfestur en brottför hans úr félaginu er hörmuð.
 12.06.2024...Erindi frá: Ritara framkvæmdanefndar ÍARU Svæðis 1. Tilkynning um fund nefndarinnar með fulltrúum landsfélaganna 28. júní.
 14.06.2024...Erindi frá: Holger, DK8KW. Hann áætlað að ferðast til Íslands í sumar (2024) og spyr um úthlutun á íslensku kallmerki fyrir sig.
 14.06.2024...Erindi til: DK8KW. Holger svarað með upplýsingum um lágmarksdvöl hér á landi sem þarf til að geta sótt um úthlutun sérstaks kallmerkis.
 17.06.2024...Erindi frá: DARC. Boð til ÍRA um að senda fulltrúa félagsins í hátíðarkvöldverð DARC 28. júní kl. 19:00 í tilefni Ham Radio syningarinnar í FDH.
 21.06.2024...Erindi frá: Ritara framkvæmdanefndar ÍARU Svæðis 1. Upplýsingar vegna fjárfundabúnaðar vegna fundarins 28. júní í Friedrichshafen.
 03.07.2024...Erindi frá: Ritara framkvæmdanefndar ÍARU Svæðis 1. Vefslóðir á 4 erindi flutt á fundinum 28. júní í Friedrichshafen.
 07.07.2024...Erindi frá: Stjórn NRAU. Boð til ÍRA um að sitja NRAU fund 7. september n.k.
 18.07.2024...Erindi frá: Fan, B1NGN. Fan verður á Íslandi í um viku í byrjun ágúst og langar til að fá heimild til að fara í loftið.
 18.07.2024...Erindi til: B1NGN. Fan bent að að senda póst á Fjarskiptastofu og láta fylgja með afrit af leyfisbréfi og öðrum gögnum.
 18.07.2024...Erindi frá: Fjarskiptastofu með ósk um umsógn um umsókn B1NGN um leyti til að fara í loftið á Íslandi á meðan á dvöl hans stendur á landinu.
 18.07.2024...Erindi til: Fjarskiptastofu. Umsógn ÍRA um umsókn kinverska leyfishafans um bráðabirgðaleyfi jákvæð.
 26.07.2024...Erindi frá: Harry, OE2HRO. Hann áætlað að ferðast um Ísland í sumar og langar til að líta við í Skeljanesi.
 26.07.2024...Erindi til: OE2HRO. Harry boðinn velkominn í Skeljanesi og honum skýrt frá opunartímum á fimmtudögum.
 28.07.2024...Erindi til: Fjarskiptastofu. Óskað eftir tímabundinni heimild til þátttakenda í TF útleikunum um að mega nota allt að 100W á 60 metra bandi.
 29.07.2024...Erindi frá: Fjarskiptastofu. Heimild veitt til þátttakenda í útleikunum um að nota allt að 100W í fjarskiptum á 60 metra bandi.
 31.07.2024...Erindi frá: Framkvæmdanefnd ÍARU Svæðis 1 þar sem tilkynnt er um að Ungmennanefnd svæðisins verði breytt í fastanefnd frá og með árinu 2026.
 06.08.2024...Erindi til: Háskólans í Reykjavík þar sem óskað er eftir aðgangi félagsins að kennslustofu á námskeiði ÍRA til amatörprófs haustið 2024.
 06.08.2024...Erindi frá: Fjarskiptastofu. Tilkynning um afgreiðslu stofnunarinnar vegna umsóknar WA6CR um íslenskt kallmerki.
 07.08.2024...Erindi frá: HR til félagsins með heimild um aðgang að kennslustofu M117 meðan námskeiði ÍRA stendur yfir.
 08.08.2024...Erindi frá: Ársæli, TF3AO þar sem hann ræðir stjórnun á efni sem sett er inn á FB síðu ÍRA á netinu.
 08.08.2024...Erindi til: TF3AO þakkað fyrir póstin og tjáð að erindi hans verði lagt fyrir næsta stjórnarfund þann 22. ágúst.
 12.08.2024...Erindi frá: Beni, HB9HN. Hann er staddur á landinu og langar til að koma í heimsókn í Skeljanesi.
 12.08.2024...Erindi til: HB9HN. Beni boðinn velkominn í félagsaðstöðuna í Skeljanesi og skýrt frá opunartíma á fimmtudögum kl. 20-22.
 Orðsendingar til stjórnarmanna frá formanni, sendar á milli stjórnarfunda (apríl): 30. (Alls 1 sending dagsett í apríl).
 Orðsendingar milli stjórnarfunda í maí: 7, 8, 9, 11, 12, 13, 14, 16, 17, 18, 19, 20, 21, 22, 23, 24, 25, 26, 27, 28, 29, og 31. (Alls 22 sendingar í maí).
 Orðsendingar milli stjórnarfunda í júní: 1, 2, 3, 4, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 13, 14, 15, 18, 19, 20, 21, 22, 23, 25, 26, 27, 28, 29, og 30. (Alls 25 sendingar í júní).
 Orðsendingar milli stjórnarfunda í júlí: 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 12, 14, 15, 16, 18, 19, 20, 21, 22, 23, 25, 26, 27, 28, 29, 30, og 31. (Alls 27 send. í júlí).
 Orðsendingar milli stjórnarfunda í ágúst: 2, 3, 4, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13, 16, 18, 19, 20, og 21. (Alls 16 sendingar til og með 20. ágúst).

4. Skýrsla gjaldkera um innheimtu félagsgjalda 2024 og stöðu félagssjóðs.
5. Námskeið ÍRA til amatörprófs í HR 16. september til 29. október n.k.
 - a. Skýrsla formanns um undirbúning og stöðu verkefnisins.
 - b. Kristinn Andersen, TF3KX formaður Prófnefndar ræðir um verkefnið.
6. Fræðsludagskrá ÍRA að hausti 2024; október–desember.
7. Félagsritið CQ TF.
 - a. Nýtt tölublað CQ TF, 3. tbl. 2024 kom út 21. júlí.
 - b. Ákvörðun um að hætta að prenta blaðið í takmörkuðu upplagi.
8. Ársskýrsla ÍRA 2024/25.
9. Vinna í húsnæðinu í Skeljanesi á milli stjórnarfunda 2. maí til 22. ágúst; skýrsla formanns.
10. Erindi til Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ).
11. Skipan nefndar til að annast streymis- og upptökumál fá viðburðum í Skeljanesi; 3. umræða.
12. Aðgangur að 2 metra bandinu yfir netið opnaðist 31. maí.

13. Virkni Félagsstöðvarinnar á milli stjórnarfunda:
 - a. TF3IRA – Þátttaka í Sumarleikum ÍRA; 5.-7. júlí.
 - b. TF3IRA – Þátttaka í TF útileikum ÍRA; 3.-5. ágúst.
 - c. TF3W – Þátttaka í WW WPX CW keppninni; 25.-26. maí.
 - d. TF3W – Þátttaka í IARU HF World Championship keppninni; 13.-14. júlí.
 - e. TF3W – Þátttaka í RSGB IOTA keppninni; 27.-28. júlí.
 - f. TF3W – Þátttaka í WAE CW keppninni; 10.-11. ágúst.
 - g. TF3YOTA – Þátttaka í II. hluta YOTA keppinnar 2024; 20. júlí.
14. Endurvarpar.
 - a. Endurvarpinn TF5RPD á Vaðlaheiði milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals. (19.5.).
 - b. Endurvarpinn TF1RPE á fjallinu Búrfelli (28. júní).
15. Viðtæki yfir netið.
 - a. KiwiSDR viðtæki á HF yfir netið á Sauðárkróki 9. maí.
 - b. Nýtt KiwiSDR viðtæki á VHF yfir netið í Reykjavík varð virkt 29. júlí.
16. Önnur mál.
 - a. VHF húsnet flutt í Skeljanes 22. maí; TF3GZ og TF8KY).
 - b. Uppfærsla á heimasíðu ÍRA á milli stjórnarfunda; 2. maí til 22. ágúst; TF3JB og TF3VS.
 - c. Ábyrgðarviðgerð á ísskáp félagsins 24. maí; TF3UA.
 - d. Radíódót gefið félaginu 27. maí; TF3TV.
 - e. Mororola DSR3000 endurvarpi gefinn félaginu 13. júní; TF3EY/OH2LAK (OH2CH).
 - f. Radíódót gefið félaginu 23. júlí; (N.N.).
 - g. Radíódót gefið félaginu 25. júlí; (TF1A).
 - h. Erindi frá Fjarskiptastofu dags. 29. júlí; heimild f. notkun 100W á 60 m. í TF útileikumum.
 - i. Vinnufundur stjórnar; haldinn 31. júlí í Skeljanesi.
 - j. Erindi TF3AO sem varðar notkun Facebook síðu ÍRA; 7. ágúst.
17. Næsti fundur stjórnar.
18. Fundarslit.

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.

Formaður, TF3JB, setti fundinn kl. 18:10 og bauð menn velkomna. Mættir voru: TF1AM, TF1EIN, TF3GZ, TF3NH, TF3PW, TF3UA og Kristinn Andersen formaður Prófnefndar ÍRA.

2. Fundargerð 2. fundar frá 2. maí 2024 lögð fram.

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit yfir helstu innkomin/útsend erindi á milli funda

Formaður, TF3JB fór yfir innkomin erindi; engar athugasemdir bárust.

4. Skýrsla gjaldkera um innheimtu félagsgjalda 2024 og stöðu félagssjóðs.

TF3PW, gjaldkeri upplýsti um að staða félagssjóðs væri 2.001.672. kr. í sjóði. Alls væru 155 búnir að greiða félagsgjald og 18 eiga eftir að borga.

5. Námskeið ÍRA til amatørprófs í HR 16. september til 29. október n.k

- a. Skýrsla formanns um undirbúning og stöðu verkefnisins.
- b. Kristinn Andersen, TF3KX formaður Prófnefndar ræðir um verkefnið.

Formaður, TF3JB hóf mál sitt á að rifja upp samþykkt stjórnar frá sérstökum vinnufundi sem haldinn var 29. júlí sem varðar námskeiðahald félagsins:

- Að stefnt skuli að því að halda námskeið, enda verði þátttaka a.m.k. 12 manns.
- Að leitað verði eftir aðgangi að kennsluhúsnæði hjá í Háskólanum í Reykjavík sem hefur verið félaginu innan handar, allt frá árinu 2013 (að undanskildum þeim tíma sem COVID-19 faraldurinn geisaði).
- Að námskeiðið verði boðið í staðnámi, en stefnt verði að stað- og fjarnámi á næsta ári.

- Að til greina kemur að bjóða aðgang að myndbandsupptökum frá námskeiðinu í fyrra (2023) og eru í vörslu TF3PW, gjaldkera. Það er einkum hugsað með þá í huga sem t.d. er búsettir utan höfuðborgarsvæðisins og/eða eiga erfitt með að sækja námskeiðið í HR af öðrum ástæðum.

Formaður, TF3JB fór síðan yfir skipulag og tilhögun námskeiðsins sem er í raun lítið breytt frá því í fyrra (2023). Fjöldi leiðbeinenda svipaður. Breytingar eru einkum þær að Haukur Mar Tómasson, TF3HM kemur aftur til liðs við okkur, en Haukur Konráðsson, TF3HK og Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX verða ekki með okkur að þessu sinni. Þegar rúmar tvær vikur er í að námskeið hefjist, eru 15 aðilar skráðir.

Umræða varð um upptökur. Að þessu sinni verður námskeiðið eingöngu í boði í staðnámi, þ.e. ekki yfir netið. Formaður prófnefndar TF3KX var mættur á fundinn til að fara yfir uppsetningu námskeiðsins. Hann nefndi, að verkefnið sé full mannað nema að það vanti kennara í staðinn fyrir einn aðila sem dettur út úr kennslu.

Umræður urðu um endurnýjun á námsefni sem væri áriðandi verkefni. Kristinn nefndi m.a., að námsefnið hjá landsfélagi radióamatöra á Írlandi (IRTS) gæti verið sú lausn sem við höfum leitað að í stað „*Passport to Amateur Radio*“ sem er samansafn greina sem birtust í tímaritinu Practical Wireless á tímabilinu 1981-1982 eftir GW3JGA. Sú bók, „*IRTS HAREC Amateur Radio Station Licence Study Guide*“ væri vegleg, um 400 blaðsíður að stærð og þeki vel HAREC kröfurnar. Í bókinni er eðlilega einnig „sér írskt“ efni sem ekki varðar okkar nemendur, en tiltölulega fáar blaðsíður.

Í framhaldi fæddist sú hugmynd, að e.t.v. megi hugsa sér að á námskeiðinu í haust geti hver kennari (hjá okkur) merkt við þær blaðsíður sem hann telur henta yfirferð hans í tímum í námskeiðinu – enda er ókin í boði á heimasíðu IRTS til ókeypis niðurhals. Vefslóðin er: https://www.irts.ie/downloads/IRTS_HAREC_Amateur_Station_Licence_Study_Guide.pdf

Hugmynd kom upp hjá stjórnarmönnum um, að að setja á stofn þýðingarnefnd – og jafnvel fá heimild til að þýða efnið frá írsku félaginu. Markmið hjá ÍRA ætti að vera að vera, að geta boðið upp á námskeið til amatörsprófs á íslensku. Menn voru sammála um að það vanti fleiri til þess að koma að því að uppfæra námsefnið. Menn þökkuðu TF3KX fyrir mætingu á fundinn og fyrir áhugaverð svör.

Að lokum varð umræða um að setja upptökur af námskeiðum síðustu ára inn á heimasíðuna. Stjórnarmenn tjáðu jafnframt áhyggjur sínar af að nýir leyfishafar komi seint eða jafnvel ekki í loftið eftir að hafa staðist próf Fjarskiptastofu til amatörleysis. Hluti skýringarinnar kunnir að vera meiri samkeppni um tíma manna, auk þess að erfiðara sé að fá heimildir til að mega setja setja upp loftnet í dag en á árum áður.

6. Fræðsludagskrá ÍRA að hausti 2024; október-desember.

TF1AM, varaformaður kynnti nýja fræðsludagskrá ÍRA fyrir tímabilið 10. október til 19. desember. Hann sagðist hafði haft samband við nokkra aðila og að flestir hafi tekið vel í að flytja erindi í Skeljanesi á haustmánuðum.

Dagskráin hefst þann 10. október og þá munu umsjónarmenn Sumarleikana og TF útileikana, þeir Hrafnkell Sigurðsson TF8KY og Einar Kjartansson, TF3EK afhenda verðlaun og viðurkenningar til þeirra sem náðu bestum árangri. Tveimur vikum síðar mun Benedikt Sveinsson, TF3T halda erindi um CQ World Wide DX keppnirnar, en CQ keppnirnar eru stærstu alþjóðlegar keppnir hjá radióamatörum. Benedikt ætlar m.a. að svara spurningunum: Hvernig er þetta gert, hvað þarf til og hvernig tek ég þátt? Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS mætir síðan 7. nóvember og ræðir FT8 mótunarháttinn sem hefur öðlast vinsældir á síðustu árum. Vilhjálmur mun m.a. útskýra hvernig þetta er þetta gert, hvaða loftnet þarf, hvert er langdrægi og hvaða afl þarf. Sigurður Harðarson, TF3WS mætir síðan 21. nóvember og fjallar

um „Gufunes billoftnetin“ sem nota má á 80 metra bandinu. Hann mun m.a. segja reynslusögur og útskýra hvað þarf til og hvernig þetta er gert. Fræðsludagskráin endar síðan 5. desember. Þá mætir Georg Kulp, TF3GZ í Skeljanes og verður með erindi um svokölluð KiwiSDR viðtæki sem hægt er að hlusta á yfir netið. Georg hefur mikla reynslu af þessum tækjunum og hefur m.a. sett upp og rekur KiwiSDR viðtækin á Sauðárkróki, á Vogastapa og annað viðtækið í Örlygshöfn. Stjórnarmenn þökkðu Andrési fyrir að setja saman áhugaverða dagskrá.

7. Félagsritið CQ TF.

- a. Nýtt tölublað CQ TF, 3. tbl. 2024 kom út 21. júlí.
- b. Ákvörðun um að hætta að prenta blaðið í takmörkuðu upplagi.

Nýtt CQ TF kom út í sunnudaginn 21. júlí. Glæsilegt blað! Þökk sé fagmannlegri og vandaðri uppsetningu Vilhjálmss Í. Sigurjónssonar, TF3VS. Nýja blaðið, 3. tbl. 2024 er alls 40 bls. að stærð. Forsíðumyndin var tekin af Sigurði R. Jakobsyni, TF3CW og er af Yngva Harðarsyni, TF3Y og Guðmundi Sveinssyni, TF3SG virkja TF3W frá Skeljanesi í CQ World Wide WPX morskeppninni 26. maí s.l. Þátttakendur voru átta talsins í keppninni: TF3CW, TF/UT4EK, TF3Y, TF3UA, TF3KX, TF3DC, TF3EO og TF3SG.

Ritstjóri, TF3UA skýrði frá því að 20 félagar eigi efni í blaðinu og fór yfir og skýrði efnistöð. Þegar frá eru taldar greinar frá ritstjóra og formanni, er um að ræða: (1) Tilkynningu um fund SYLRA að Úlfjótuvatni 2025 (2) Félagsstarfið í Skeljanesi í apríl til júlí; (3) Grein um úrslit Páskaleika ÍRA 2024.; (4) Greinin „Í fórum Friðrikshafnar 2024“; (5) Grein um sögu Wi-Fi; (6) Umfjöllun um nokkra leyfishafa í 60 ár; (7) Starfsáætlun stjórnar ÍRA 2024/25; (8) Grein um „Parks On The Air“ verkefnið; (9) Frásögn frá Landsmóti skáta sem haldið var að Úlfjótuvatni 12.–19. júlí; (10) Grein um Inrad W1 höfuðtölin og Icom stöðvar; (11) Grein um 60 ára afmæli IOTA 2024; (12) Grein um viðurkenningar radióamatöra; (13) Frásögn af nýju KiwiSDR VHF viðtæki yfir netið; (14) Fundargerðir stjórnarfundar; (15) Smáauglýsingar (16) Helstu DX keppnir í júlí, ágúst og september og (17) Tilkynning um TF útileikana um verslunarmannahelgina. Stjórnarmenn þökkðu ritstjóra og ritnefnd fyrir nýútkomið blað.

Undir síðari dagskrárlíð fór formaður, TF3JB yfir kosti þess að prenta blaðið í takmörkuðu magni, en núverandi heimild er fyrir prentun á 25 eintökum. Þessi blöð eru m.a. látin liggja frammi á opnunarkvöldum í Skeljanesi, eru send ráðuneyti, Fjarskiptastofu, heiðursfélögum og þeim sem eiga greinar í blaðinu. Samþykkt var heimild fyrir að framvegis verði heimilt að láta prenta 12 eintök af hverju tölublaði. TF3GZ, ritari var einn á móti þeirri samþykkt.

8. Ársskýrsla ÍRA 2024/25

Formaður, TF3JB flutti eftirfarandi inngang að eigin tillögu þess efnis, að hætt verði að prenta ársskýrslu ÍRA, sem hingað til hefur verið framleidd í takmörkuðu magni til afhendingar á aðalfundum félagsins, en er jafnframt í boði á rafrænu formi á heimasíðu félagsins.

- Ákvæði um skýrslugjöf til félagsmanna (ársskýrslu) er bundið í lögum ÍRA, 19. gr. 5. lið.
- Útgáfa hefðbundinna ársskýrsla ÍRA hófst fyrir starfsárin 2009/10, 2010/11, 2011/12 og 2012/13. Útgáfa féll niður hjá viðtakandi formönnum en hófst á ný fyrir starfsárin 2018/19, 2019/20, 2020/21, 2021/22 og 2022/23.
- Fyrirkomulag hefur verið þannig undanfarin ár að skýrslan hefur verið prentuð í takmörkuðu upplagi (30 eintök síðast) og hefur hún verið til afhendingar til félagsmanna sem mæta á aðalfund félagsins. Kostnaður vegna prentunar skýrslunnar 2023/24 nam 159 þúsund krónum. Það er tillaga formanns að hætt verði að prenta skýrsluna og það fé sem áður var nýtt til prentunar verði varið til annarra nota hjá félagsgjóði, enda kemur skýrslan samhliða út á rafrænu formi á heimasíðu ÍRA.

Formaður kvaðst vilja geta þess til skýringar, að allar ársskýrslur í formannstíð hans, þ.e. 2009/10, 2010/11, 2011/12 og 2012/13 og á ný 2018/19, 2019/20, 2020/21, 2021/22 hafi verið prentaðar án kostnaðar fyrir félagið. Félagssjóður hafi hins vegar staðið straum af prentun skýrslunnar síðustu tvö starfsár, þ.e. 2022/23 og 2023/14.

Tillaga formanns að félagið hætti að kosta prentun ársskýrslunnar á pappír samþykkt einróma.

9. Vinna í húsnæðinu í Skeljanesi á milli stjórnarfundu 2. maí-22. ágúst; skýrsla formanns.

Formaður, TF3JB gaf yfirlit um þá vinnu sem reidd hefur af hendi í Skeljanesi á milli stjórnarfundu – á tímabilinu maí til ágúst 2024. Hann gat þess m.a., að á þessu fjögurra mánaða tímabili hafi verið unnið að því að gera húsnæðið rýmra, snyrtilegra og þægilegra fyrir félagsmenn og gesti. Þetta hafi verið mögulegt vegna frábærs framlags fjölda félagsmanna, sem hafi mætt á staðinn með tæki, tól og búnað til góðra verka.

Eftir lát Odds Helgasonar [1. desember s.l.] hafi verið góð samvinna verið við erfingja ORG e.h.f., um rýmingu og brottflutning húsgagna og dóts í eigu ORG e.h.f., sem hafi safnast upp í sameiginlega rými í Skeljanesi í meir en tvo áratugi; verkefni sem ekki var mögulegt að vinna í fyrr en eftir lát O.H. Formaður fór stuttlega yfir 13 helstu verkefni:

- (1) Í setustofu í salnum eru í dag tveir leðursófar, fjórir leðurstólar og borð fyrir gestabók og kaffiveitingar. Vistarveran er rúm og í boði eru þægileg sæti fyrir 10 manns, en voru áður 5.
- (2) Aðgengi að stiganum upp á 2. hæð var bætt. Komið hafði verið fyrir bókahillu við enda gangsins niðri – þar sem annarsvegar var gengið er út í portið (á vinstri hönd) hinsvegar og upp stigann (til hægri). Bókahillan þrengdi alla tíð mjög að umgangi en var fjarlægð.
- (3) Tveir tvöfaldir bótaskápar sem voru staðsettir í salnum (upp við við eldhúsvegginn) voru fjarlægðir. Verulega munar um það pláss sem bættist við þegar skáparnir voru farnir. Það kom vel í ljós þegar ráðað var upp fundarstólum til prufu eftir breytinguna.
- (4) Stóra myndatjald félagsins (sem við höfum reyndar að láni frá velunnara) hafði verið „fast“ í niðurdreginni stöðu. Tjaldið var tekið niður og lagfært með því að handþræða það inn í hólkin á ný. Eftir það hefur tjaldið gengið eðlilega upp og niður.
- (5) Rafmagnstengli og lesljósi var komið fyrir við ræðupúlt félagsins. Mikill mundur er að fá þennan búnað sem er til aukinna þæginda fyrir fyrirlesara þegar flutt eru erindi í salnum.
- (6) Gólfdukurinn á salnum í Skeljanesi var þrífinn og bónaður 11. og 12. júní. Hvilíkur munur! Ákveðið var að ekki væri lengur þörf fyrir gólfteppin þrjú sem áður huldu verstu óhreinindin á gólfinu og var farið með þau í Sorpu.
- (7) Farin var ferð í Sorpu með rusl þann 22. júní sem safnast hafði fyrir við vinnu í húsnæðinu vikunnar á undan (gamlar bókahillur, skápar, stólar og afgangsdót). Verulega létti til í húsnæðinu þegar ruslið hafði verið tæmt.
- (8) Tveir tvöfaldir bótaskápar sem voru staðsettir á ganginum á leið inn í fjarskiptaherbergi TF3IRA voru fjarlægðir 26. júní. Skáparnir höfðu þrengt að gönguleiðinni inn ganginn, þannig að menn þurftu næstum að „skáskjóta“ sér til að komast í „sjakkinn“ og QSL herbergið. Hvilíkur munur.
- (9) Radiódót sem geymt var í eldhúsinu í kössum var tekið fram og flokkað í salnum þann 1. júlí svo hægt yrði að þrifa gólfdukin í eldhúsinu á sama hátt og í salnum. Farið var í gegnum um innihald í kössum og tekið frá – annars vegar fyrir félagið til að eiga og hins vegar, dót sem sett var niður á gang – almennt fyrir félagana að taka á fimmtudagskvöldum.
- (10) Innrammaðar myndir með forsiðum CQ TF blaða á tímabilinu 2018-2024 voru settar upp á vegg í salnum í júlíbyrjun. Hvatinn að þessu verki var sá, að erfingjar Odds heitins og Unnar hafa fjarlægt nánast öll málverk af veggjunum í salnum og annars staðar í sameiginlegu rými. 20 ramma með forsiðum CQ TF voru hengdar á vegg til að byrja með.
- (11) Gerð sérstök ferð með meira dót í Sorpu 3. júlí. Georg Kulp, TF3GZ kom með bílinn og stóru kerruna.
- (12) Leitast var við að gera salernisaðstöðu skammlausa í júlí með því að þrifa salernisskál, handlaug og gólfduk.
- (13) Lokið var við að þrifa og bóna gólfdukin í eldhúsinu 14. ágúst. Hvilíkur munur!

10. Erindi til Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí)

Formaður, TF3JB lagði fram og kynnti 1. uppkast að hugsanlegu erindi ÍRA til Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí).

Um er að ræða frumkvæði Sigurður R. Jakobsson, TF3CW sem hefur viðrað þá hugmynd að ÍRA sækji um aðild að ÍSí. Þess má geta, að meðal markmiða, sem talin eru upp í 3. gr. félagslaga, er að „Örva radióíþróttir meðal radióamatöra“.

Formaður kynnti 1. uppkast að erindi af þessu tagi til sambandsins, sem er gert í samvinnu við Kristján Benediktsson, TF3KB NRAU/IRAU tengilið ÍRA sem hefur verið í sambandi við Norðurlandafélögin til að afla upplýsinga þeim megin frá, um tengsl landsfélaganna á Norðurlöndum við sambærilegar stofnanir og ÍSí hér á landi.

Þess má geta, að Sigurður var á sínum tíma stofnandi Kvartmíluklúbbsins (ásamt fleirum). Klúbburinn er aðildarfélag að ÍSí í dag og nýtur fjárstuðnings þaðan til starfseminnar. Fyrirhugað er að kynna uppfært uppkast á næsta fundi stjórnarinnar.

11. Nefnd til að annast streymis- og upptökumál fá viðburðum í Skeljanesi; 3. umræða.

Formaður, TF3JB kynnti málið. Hann sagði m.a. að þar sem fræðsludagskrá félagsins að hausti (október-desember) nálgist, sé áriðandi að ganga frá skipan nefndar til að annast streymis- og upptökumál frá viðburðum í félagsaðstöðunni. Í annan stað, þurfi að koma upp virkum geymslustað fyrir þetta efni, e.t.v. á heimasíðunni.

Til upprifjunar: Málið kemur var áður til umfjöllunar á 1. stjórnarfundum (4. apríl s.l.) og aftur á 2. stjórnarfundum (2. maí s.l.). Forsenda er umræður og samþykkt á aðalfundi ÍRA 2024 þann 10. mars s.l., sbr. bókun í aðalfundargerð: „Samþykkt var á fundinum að skipa nefnd sem sér um þessi mál. Í nefndinni eru TF1AM, og TF3NH“.

Umræða var um að nota GSM síma til upptöku á fyrirlestrum sem hefur verið gert nokkrum sinnum til prufu og var ákveðið að halda því áfram, og setja upptökur á „Youtube“ rás. TF3PW vildi meina að að notast þurfi við ákveðið „format“ á símann til að stillingar yrðu góðar. Andrés Þórarinnsson, TF1AM tekur að sér að kaupa sérstaka festingu til upptöku.

12. Aðgangur að 2 metra bandinu yfir netið opnaðist 31. maí.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A og Georg Kulp, TF3GZ settu upp og tengdu búnað sem gerir félagsmönnum kleift að komast inn á 2 metra endurvarpann TF3RPB í Bláfjöllum yfir netið.

Hugbúnaðurinn gefur félagsmönnum sem eru með búsetu þar sem ekki næst samband við VHF endurvarpa eða eru á ferðalagi og ná ekki sambandi við endurvarpa á 2 metrum – en hafa aðgang að netinu – möguleika á aðgangi gegnum TF3RPB (QRG 145.650 MHz) endurvarpann í Bláfjöllum. Sækja þarf forrit á heimasíðu HT:

https://play.google.com/store/apps/details?id=com.benshiki.ht&hl=en_US

Kerfið var endanlega tilbúið og sett upp til bráðabirgða 31. maí á heimili Georgs, TF3GZ og hefur verið til þróunar síðan. Ari Þórólfur fann þessa lausn sem er í boði frítt með því að nota svokallað „HT DWP“ „app“ til að tengjast Bláfjöllum yfir netið – í gegnum GSM síma. Notaður er UHF hlekkur í Bláfjöllum (QRG 439.975).

Heimilt er að fjármagna búnað úr félagssjóði, sbr. samþykkt á 5. stjórnarfundum 2023/24 (19. október 2023). Þar fyrir utan hafa félagarnir lagt eftirtalinn búnað til verkefnisins: TF1EIN aflgjafa; TF3GZ Diamond loftnet og TF3JB Samsung GSM síma. Áætlað er, að VGC VR-N7500 VHF/UHF stöðin sem notuð er til verkefnisins kostar 40 þúsund krónur. Eins og menn muna, var fyrirhugað að setja búnaðinn upp í Skeljanesi. Því fylgja hins vegar vissir ókostir. Georg hefur leyst þetta mál og hefur fundið annað QTH þar sem hann fær inni fyrir búnaðinn.

13. Virkni Félagsstöðvarinnar á milli stjórnarfunda.

Félagsstöðin var virkjuð í alls 7 viðburðum á milli stjórnarfunda (2. maí til 29. ágúst). Notuð voru kallmerkin TF3IRA í tvö skipti, TF3W í 4 skipti og TF3YOTA í 1 skipti. Engin þátttaka var frá TF3IRA í Páskaleikunum 2024 þar sem ekki tókst að manna stöðina.

- TF3IRA – Þátttaka í Sumarleikum ÍRA; 5.-7. júlí; TF3JB.
- TF3IRA – Þátttaka í TF útileikum ÍRA; 3.-5. ágúst; TF3E og TF3JB.
- TF3W – Þátttaka í WW WPX CW keppninni; 25.-26. maí; TF3CW.
- TF3W – Þátttaka í IARU HF World Championship keppninni; 13.-14. júlí; TF3CW.
- TF3W – Þátttaka í RSGB IOTA keppninni; 27.-28. júlí; TF3CW.
- TF3W – Þátttaka í WAE CW keppninni; 10.-11. ágúst; TF3CW.
- TF3YOTA – Þátttaka í II. hluta YOTA keppinnar 2024; 20. júlí; TF2EQ.

14. Endurvarpar.

a. *Endurvarpinn TF5RPD á Vaðlaheiði milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals. (19.5.).*

b. *Endurvarpinn TF1RPE á fjallinu Búrfelli (28. júní).*

Endurvarpinn TF5RPD á Vaðlaheiði hefur verið bilaður í sumar að sögn Brynjólfs Jónssonar, TF5B sem er yfirleitt með opið á tíðninni 145.625 MHz. Bilunin lýsir sér þannig að í tíma og ótíma kemur TF5RPD inn með auðkennið á morsi þannig að ljóst er að viðtækið tekur inn á sig utanaðkomandi merki/truflanir sem ná að opna viðtækið. Haft hefur verið samband við Guðmund Sigurðsson, TF3GS VHF stjóra og umsjónarmann endurvarpa vegna málsins.

Endurvarpinn TF1RPE. Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Georg Kulp TF3GZ og Valdimar Óskar Jónasson TF1LT lögðu á fjallið Búrfell á Suðurlandi 28. júní s.l. Verkefni dagsins var að skipta út loftneti við endurvarpa ÍRA, Búra; QRG: 145.700 MHz, RX -600 kHz.

Verkefnið gekk að óskum. Nýja loftnetið (2 tvíþólar) var gjöf til félagsins frá dánarbúi TF3JA. Fæðilína reyndist í lagi. Prófanir sýna, að styrkleiki merkisins frá Búra er betri með nýja loftnetinu, á að giska 15-20%. Þakkir til þeirra félaga fyrir verkefni vel úr hendi leyst.

15. Viðtæki yfir netið.

a. *KiwiSDR viðtæki á HF yfir netið á Sauðárkróki 9. maí.*

b. *Nýtt KiwiSDR viðtæki á VHF yfir netið í Reykjavík varð virkt 29. júlí.*

Á stjórnarfundinum nr. 4/2023 þann 14. september s.l. samþykkti stjórn ÍRA að félagssjóður greiði fyrir netkostnað vegna rekstrar viðtækja yfir netið, þ.e. 4G þjónustu fyrir KiwiSDR viðtækin yfir netið. Rekstraraðilar eru Árni Helgason, TF4AH og Georg Kulp, TF3GZ. Rekstar-kostnaður nemur 50 þúsund krónum á ársgrundvelli fyrir hvert viðtæki. Þessi stuðningur hófst 1. október 2023. (Til skýringar: Viðtækin á Bjargtöngum [í dag Örlygshöfn] nota eina IP tölu). Fram kom á stjórnarfundinum 14. september (2023) að fyrirhugað væri að setja upp viðtæki á Reykjanesi (í stað þess sem tekið var niður á Raufarhöfn). Væntanlegur netkostnaður vegna þess viðtækis fellur undir þessa samþykkt.

Á stjórnarfundinum nr. 2/2024 þann 4. apríl var m.a. rætt um stuðning félagssjóðs við rekstur á viðtækjum yfir netið. Frá síðustu umfjöllun um málið á vettvangi stjórnar, hefur bæst við nýtt viðtæki sem er staðsett á Sauðárkróki og varð QRV 2. febrúar s.l.

Í umræðum um að veita einnig stuðning við rekstur þess viðtæks, var fallið frá því en þess í stað samþykkt að árlegur stuðningur félagssjóðs gæti verið 100 þúsund krónur, að hámarki. Það sem gerðist eftir stjórnarfundinum 4. apríl var – að NN kom að máli við formann, TF3JB og afhenti 50 þúsund krónur í reiðufé í umslagi til að viðtækið á Sauðárkróki geti áfram verið í boði með vefslóð á heimasíðu ÍRA. Undirritaður kom fénu í hendur Georgs Kulp, TF3GZ sem sagði að þessi fjárhæð dugi í eitt ár (til 2025). Sérstakar þakkir til NN fyrir velvildina og til Georgs fyrir að bregðast vel við.

Nýtt KiwiSDR viðtæki á VHF yfir netið í Reykjavík varð virkt 29. júlí. Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A tilkynnti 19. júlí að nýtt viðtæki yfir netið hafi verið tengt til hlustunar á tíðnisviðinu 144-146 MHz. Staðsetning er í Reykjavík, loftnet er 5/8λ stangarnet og mest 8 notendur geta hlustað samtímis. Ath. að velja þarf: Amatör og NBFM þegar viðtækið er opnað. Vefslóð: [HTTP://VHF.UTVARP.COM](http://vhf.utvarp.com) „Android App“: <https://play.google.com/store/apps/details...>

Vefslóð á KiwiSDR2 viðtækið var sett á opunarsíðu ÍRA á netinu 30. júlí þar sem slóðin er aðgengileg ásamt öðrum til hlustunar yfir netið. Þakkir til Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A og Georgs Kulp, TF3GZ sem lánaði hluta búnaðar.

16. Önnur mál.

a. *VHF húsnætt flutt í Skeljanes 22. maí; TF3GZ og TF8KY.*

Stjórn ÍRA þakkar þeim Georg Kulp, TF3GZ og Hrafnkatli Sigurðssyni, TF8KY fyrir að flytja loftnetin í Skeljanes.

b. *Uppfærsla á heimasíðu ÍRA á milli stjórnarfundu; 2. maí til 22. ágúst; TF3JB og TF3VS.*

Stjórn ÍRA þakkar Jónasi Bjarnasyni, TF3JB og Vilhjálmi Í. Sigurjónssyni, TF3VS fyrir gott framlag við uppfærslu heimasíðu félagsins.

c. *Ábyrgðarviðgerð á ísskáp félagsins 24. maí; TF3UA.*

Stjórn ÍRA þakkar Sæmundir E. Þorsteinssyni, TF3UA fyrir að standa fyrir því að ísskápur félagsins var fluttur til ábyrgðarviðgerðar á verkstæði og aftur í Skeljanes. Skápurinn var í ábyrgð og var því enginn kostnaður samfara viðgerðinni.

d. *Radíódót gefið félaginu 27. maí; TF3TV.*

Stjórn ÍRA þakkar Ásgeiri H. Sigurðssyni, TF3TV fyrir velvild í þágu félagsins.

e. *Mororola DSR3000 endurvarpi gefinn félaginu 13. júní; TF3EY/OH2LAK (OH2CH).*

Stjórn ÍRA þakkar Erik Finskas, TF3EY/OK2LAK fyrir að hafa frumkvæði að og fyrir að flytja til Íslands Motorola DSR3000 UHF endurvarpa sem er gjöf OH2CH klúbbs radióamatöra í Finnlandi til ÍRA.

f. *Radíódót gefið félaginu 23. júlí; N.N.*

Stjórn ÍRA þakkar NN fyrir velvild í garð félagsins.

g. *Radíódót gefið félaginu 25. júlí; TF1A.*

Stjórn ÍRA þakkar Ara Þórólfi Jóhannessyni, TF1A velvild í garð félagsins.

h. *Erindi frá Fjarskiptastofu 29. júní m. heimild f. notkun 100W á 60 m. í TF útleikum 2024.*

Stjórn ÍRA þakkar Fjarskiptastofu.

i. *Vinnufundur stjórnar ÍRA; haldinn 31. júlí í Skeljanesi.*

Formaður, TF3JB þakkaði stjórnarmönnum fyrir góða mætingu og góða fundarsetu. Til umfjöllunar var fyrirhugað námskeið félagsins til amatörprófs haustið 2024, útgáfumál og fleiri félagsmál.

j. *Erindi TF3AO sem varðar notkun Facebook síðu ÍRA; 7. ágúst.*

Stjórn ÍRA mun leitast við að afgreiða málið sem er kvörtun vegna tiltekins félagsmanns.

17. Næsti fundur stjórnar.

Samþykkt var að efna til næsta fundar (4. Fundar) miðvikudag 9. október kl. 18:00 í Skeljanesi.

18. Fundarslit

Formaður, TF3JB þakkaði mönnum góðar umræður og sleit fundi kl. 19:40.

Fundargerð ritaði
Georg Kulp / TF3GZ
ritari ÍRA



Íslenskir radióamatörar, starfsárið 2024/25

Fundargerð stjórnarfundar nr. 4 haldinn miðvikudag 9. október 2024 kl. 18:00 í Skeljanesi.

Mættir: TF3JB formaður; TF1AM varaformaður; TF3GZ ritari; TF3PW gjaldkeri; TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn. Njáll H. Hilmarsson, TF3NH var fjarverandi.

Tillaga að dagskrá.

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð 3. fundar frá 29. ágúst 2024 lögð fram.
3. Yfirlit yfir helstu innkomin/útsend erindi á milli funda.

17.08.2024...Erindi frá: YOTA-Contest Committee. Niðurstöður úr II. Yota keppninni 2024. TF3YOTA var í 122. sæti.

29.08.2024...Erindi frá: Ritara IARU sem sendir IARU Calendar 225 og kjörseðil nr. 266 vegna umsóknar LCAS um aðild að IARU.

29.08.2024...Erindi frá: Ritara IARU Svæðis 1. Lokaskýrsla ráðstefnu svæðisins sem haldin var í Zlatibor í Serbíu 2023.

12.09.2024...Erindi frá: Tim, G4YBU þar sem hann þakkar frábærar móttökur í Skeljanesi fimmtudaginn 12. september.

12.09.2024...Erindi til: G4YBU og honum þökkúð heimsóknin í félagsaðstöðuna.

15.09.2024...Erindi frá: Pat, NK7C. Hann langar til að heimsækja Skeljanes ásamt XYL Cyndi, N7NND og 2 barnabörnum 26. september.

16.09.2024...Erindi til: NK7C þar sem hann, XYL og barnabörn eru boðin velkomin í Skeljanes.

16.09.2024...Erindi frá: Fjarskiptastofu. Umsagnar óskað um umsókn TF3TNT fyrir uppsetningu endurvarpa á fjallið Strút (TF2RPJ) og uppsetningu nýs endurvarpa á Þrándarhlíðarfjalli.

16.09.2024...Erindi til: Fjarskiptastofu. Jákvæð umsögn ÍRA send um væntanlega uppsetningu endurvarpa á fjallinu Strúti (flutningur á TF2RPJ frá Álfanesi á Mýrum) og á nýjum endurvarpa á Þrándarhlíðarfjalli. Gerð tillaga um kallmerkið TF5RPG fyrir þann stað. Ennfremur veitt jákvæð umsögn um tillögum að tönnum [öbreyttar fyrir TF2RPJ; TX 145.775 / RX 145.175 MHz]; tíðnimar: TX 145.025 MHz / RX: 145.625 MHz fyrir TF5RPG.

18.09.2024...Erindi frá: Fjarskiptastofu. Heimild veitt til ÍRA um rekstur endurvarpa frá fjallinu Strúti (TF2RPJ) og á Þrándarhlíðarfjalli (TF5RPG) í umsjón TF3TNT.

18.09.2024...Erindi til: Fjarskiptastofu. Beiðni send þess efnis að stofnunin standi fyrir prófi til amatörleyfis í Háskólanum í Reykjavík laugardag 2. nóvember.

18.09.2024...Erindi frá: Fjarskiptastofu. Beiðni ÍRA um próf til amatörleyfis 2. nóvember n.k. samþykkt frá hendi Fjarskiptastofu.

03.10.2024...Erindi frá: Simon, S54MI sem segir að hann ásamt S53CL og S56RGA hafi hug á að heimsækja Skeljanes 17. október.

03.10.2024...Erindi til: S54MI. Félagarnir þrír frá Slóveníu boðin velkomnir í Skeljanes 17. október.

Orðsendingar til stjórnarmanna frá formanni, sendar á milli stjórnarfunda (ágúst): 24., 27. og 30. (Alls 3 sendingar dagsettar í ágúst).

Orðsendingar milli stjórnarfunda í september: 1., 2., 3., 4., 9., 10., 11., 12., 13., 14., 15., 16., 17., 18., 19., 20., 23., 24., 25., 26., 27. og 30. (Alls 22 sendingar í september).

Orðsendingar milli stjórnarfunda í október: 1., 3., 4., 5., 6. og 7. (Alls 6 sendingar í október).

4. Skýrsla gjaldkera um innheimtu félagsgjalda 2024 og stöðu félagsgjóðs.
5. Námskeið ÍRA til amatörprófs í Háskólanum í Reykjavík 16. september til 29. október.
 - a. Skýrsla formanns um stöðu verkefnisins.
6. Félagsritið CQ TF.
 - a. Nýtt tölublað CQ TF, 4. tbl. 2024 er væntanlegt 13. október.
7. NRAU fundurinn var haldinn 7. september.
8. Virkni Félagsstöðvarinnar á milli stjórnarfunda:
 - a. TF3W – Þátttaka í WAE DX SSB keppninni; 14.-15. september.
 - b. TF3W – Þátttaka í Scandinavian Activity Contest, CW hluta (SAC); 21.-22. september.
9. Endurvarpar.
 - a. Endurvarpinn TF2RPJ var fluttur upp á fjallið Strút; 15. september.
10. Umsögn ÍRA um IARU umsókn „Libyan Communications Amateur Society (LCAS).
11. Önnur mál.
 - a. Radiódót gefið félaginu; 12. september (TF3LB).
 - b. Erindi frá fjarskiptastofu. Staðfest beiðni ÍRA um próf til amatörleyfis 2. nóvember; 16. september.
 - c. Radiódót gefið félaginu; 19. september (TF3LB).
 - d. Kaup á „IRTS HAREC Amateur Radio Station Licence Study Guide“; 24. september.
 - e. Radiódót gefið félaginu; 26. september (TF3LB).
 - f. Loftskjástöðin, menningarmiðstöð; símtal frá forstöðumanni 30. september.
 - g. Tillaga TF2EQ um aðkomu ÍRA að viðburðadagskrá Borgarbókasafnsins í Grófinni; 3. október.
 - h. Tillaga um kaup á Bravilor pumpubrúsum til nota í salnum í félagsaðstöðunni; 3. október.
 - i. Tillaga um uppsetningu á Motorola endurvarpa; „MotoTRBO DR3000-UHF“; 6. október.
12. Næsti fundur stjórnar.
13. Fundarslit.

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.

Formaður, TF3JB setti fundinn kl. 18:10 og bauð menn velkomna. Hann lagði fram tillögu að dagskrá sem var samþykkt einróma.

2. Fundargerð 3. fundar frá 29. ágúst 2024 lögð fram.

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit yfir helstu innkomin/útsend erindi á milli funda

Formaður, TF3JB fór yfir helstu innkomin erindi; engar athugasemdir bárust.

4. Skýrsla gjaldkera um innheimtu félagsgjalda 2024 og stöðu félagssjóðs.

TF3PW, gjaldkeri upplýsti um að staða félagssjóðs væri 2.004.085. kr. í sjóði. Alls væru 160 búdir að greiða félagsgjald og 13 eiga eftir að borga.

5. Námskeið ÍRA til amatörprófs í Háskólanum í Reykjavík 16. september til 29. október.

a. Skýrsla formanns um stöðu verkefnisins.

Formaður, TF3JB fór yfir framlagða skýrslu. Fram kom m.a. að:

Námskeiðið var formlega sett af formanni félagsins, Jónasi Bjarnasyni, TF3JB 16. september í Háskólanum í Reykjavík að viðstöddum stjórnarmönnum Georg Kulp, TF3GZ ritara, Jóni Björnsyni, TF3PW gjaldkera og Sæmundi E. Þorsteinssyni, TF3UA varamanni í stjórn.

Námskeiðið stendur yfir í 6 vikur til 29. október. Alls eru 19 þátttakendur skráðir, auk 4 sem eru skráðir í próf Fjarskiptastofu (FST) til amatörleyfis. Þess má geta, að staðfesting barst frá FST 18. september þess efnis, að stofnunin muni gangast fyrir prófi til amatörleyfis laugardag 2. nóvember kl. 10:00 árdegis í Háskólanum í Reykjavík.

Þegar þrjár vikur eru liðnar af námskeiðinu eru á bilinu 9 til 13 manns að mæta í tíma í HR (til og með 7. október). Tveir af þessum 23 eru þegar N-leyfishafar sem hafa áhuga á að sækja sér G-réttindi. Til viðbótar nefndum heildarfjölda eru 5 sem eru búsettir utan höfuðborgarsvæðisins og hefðu kosið að vera með og skrá sig – hefði fjarnám verið í boði.

Heildartekjur félagssjóðs vegna inngreiddra þátttökugjalda nema 343.000 krónum. Þegar dreginn er frá prentkostnaður á námsgögnum, 288.840 krónur, reynast nettótekjur félagssjóðs vera 54.160 krónur. Þess má geta, að fékk félagið gefins sérstakar öskjur sem námsgögnin voru afhent í til nemenda.

Umsjónarmaður námskeiðs er að þessu sinni Jónas Bjarnason, TF3JB. Líkt og í fyrra, er sá háttur hafður á að mæta í kennslustofu M117 í HR í byrjun hvers kennslukvölds. Bæði til að kynna kennara fyrir nemendum og til að aðstoða kennara sem á því þurfa að halda að tengjast tölvukerfi skólans.

Í framhaldi af niðurstöðu umræðna á stjórnarfundinum 29. ágúst (fundur nr. 3-2024/25) um ráðstöfun á upptökum frá námskeiði félagsins í fyrra (2023), var innsetning á heimasíðuna undirbúin. Þeir Jón Björnsson, TF3PW; Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS og Hinrik Vilhjálmsson, TF3VH áttu góða samvinnu um verkefnið. Innsetning efnis á heimasíðuna var síðan gerð á tímabilinu 14. september til 2. október. Sérstakar þakkir til þeirra Jóns, Vilhjálms og Hinriks fyrir vel unnið verk.

Slóðin er: <https://www.ira.is/upptokur-fra-namskeidi-ira-til-amatorprofs-haustid-2023/>

Eins fram kom hjá Kristni Andersen, TF3KX formanni Prófnefndar [sem var sérstakur gestur okkar á stjórnarfundinum 29. ágúst s.l.] gæti námsefnið hjá landsfélagi radióamatöra á Írlandi (IRTS) verið sú lausn sem við höfum leitað að í stað „Passport to Amateur Radio“ sem er samansafn greina sem birtust í tímaritinu Practical Wireless á tímabilinu 1981-1982, eftir GW3JGA.

Bók IRTS er vegleg eða um 400 blaðsíður og þekur vel HAREC kröfurnar. Eins og Kristinn sagði, þá fæddist sú hugmynd, að e.t.v. megi hugsa sér að hver kennari (hjá okkur) merki við þær blaðsíður sem hann telur henti yfirferð hans í tímum í námskeiði félagsins. Þessi hugmynd var síðan kynnt í tölvupósti til kennara og í tölvupósti til nemenda ásamt vefslóð til niðurrhals.

Umsjónarmaður pantaði eintak af bókinni frá IRTS. Hún kostaði €35.00. Burðargjald var €17.50. Innkaupskostnaður nam þannig €52.50 eða ISK 8.000 krónum. Bókin fékkst afhent á pósthúsi 24.

september og var afhent Kristni Andersen, TF3KX formanni Prófnefndar ÍRA til varðveislu og skoðunar við upphaf kennslu í HR sama dag. Eins og áður hefur komið fram, má hlaða efni bókarinnar niður frítt á heimasíðu IRTS. Vefslóð: https://www.irts.ie/downloads/IRTS_HAREC_Amateur_Station_Licence_Study_Guide.pdf

6. Félagsritið CQ TF.

a. *Nýtt tölublað CQ TF, 4. tbl. 2024 er væntanlegt 13. október.*

Formaður, TF3JB og ritstjóri, TF3UA kynntu efni nýs tölublaðs CQ TF, 4. tölublaðs sem kemur út 13. október. Fram kom m.a. að blaðið verður 40 bls. að stærð og er efni fjölþætt að vanda.

7. NRAU fundurinn var haldinn 7. september.

Formaður, TF3JB lagði fram fundargerð frá NRAU fundinum, sem haldinn var 7. september og þakkaði Kristjáni Benediktssyni, TF3KB NRAU/IARU tengilið félagsins fyrir að sitja fjarfundinn. Kristján mun gera grein fyrir fundinum í sérstakri grein í 4. tbl. CQ TF sem kemur út 13. október n.k.

8. Virkni Félagsstöðvarinnar á milli stjórnarfunda:

a. *TF3W – Þátttaka í WAE DX SSB keppninni; 14.-15. september.*

b. *TF3W – Þátttaka í Scandinavian Activity Contest, CW hluta (SAC); 21.-22. september.*

(a) Sigurður R. Jakobsson, TF3CW virkjaði félagsstöðina TF3W í „*Worked All Europe, SSB*“ keppninni 14.-15. september. Hann byrjaði strax á miðnætti og gekk þokkalega fyrsta klukkutímamann (m.a. til NA). En síðan kom „black-out“. Alls 87 QSO komin í dagbókina. Afar erfið skilyrði. Sigggi mætti aftur að sunnudeginum, síðdegis og hafði nokkur sambönd til viðbótar. Niðurstaða: Alls 140 QSO og 21.716 punktar. Keppt var í einmenningsflokki, háafli.

(b) Sigurður R. Jakobsson, TF3CW virkjaði félagsstöðina TF3W í „*Scandinavian Activity (SAC) CW*“ keppninni helgina 21.-22. september. Sigggi sagði að það hafi verið góð skilyrði, sbr. 22 klst. viðveru. Hann var alls með 1.870 QSO, 191 margfaldara, 4.850 punkta og 830.850 heildarpunkta. Sérstakar þakkir til Sigurðar Jakobssonar, TF3CW fyrir þátttökuna í þessum tveimur keppnum og fyrir allan undirbúning.

9. Endurvarpar.

a. *Endurvarpinn TF2RPJ var fluttur upp á fjallið Strút; 15. september.*

Eins og fram kom á fundi Benedikts Guðnasonar, TF3TNT með félagsmönnum ÍRA í Skeljanesi 23. nóvember (2023) var framtíðarsýn Benedikts fyrir endurvarpann á Mýrum (TF2RPJ) þessi: „*Færa endurvarpann á Mýrum upp á Strút sem er vestan Langjökuls í góðri hæð. Þannig fengist ólíkt betra samband um vestanvert landið en með núverandi staðsetningu á Mýrum*“. Þessar upplýsingar voru í framhaldi birtar á heimasíðu ÍRA og FB síðum og í CQ TF, 1. tbl. 2024 sem kom út 28. janúar 2024.

Ritari, TF3GZ sagði fundarmönnum ferðasöguna:

Farið var að stað snemma úr Reykjavík, sunnudagsmorguninn 15. september og ekið sem leið lá, í Borgarfjörðinn, fram hjá Húsafelli og á fjallið Strút. Í ferðinni voru Benedikt Guðnason TF3TNT, Guðjón Egilsson, TF3WO og Georg Kulp, TF3GZ.

Í ljós kom að ekki var fært á bíl alla leið á áfangastað vegna snjóalaga. Festum við bílinn þegar ca. 150 metrar voru eftir upp á topp fjallsins. Tóku félagarnir þá á það ráð að setja búnaðinn í bakpoka sem voru með í för og héldum við á þyngri búnaði á milli okkar upp á fjallstindinn. Sóttist sú ferð frekar seint vegna snjóalaga og þyngsla á tækjum sem nauðsynleg voru. En upp fóru félagarnir – en til að komast inn í húsið þurfti að berja klaka og snjó frá hurðinni. Því miður varð skóflan eftir í bílnum neðar í fjallinu en það tókst með handverkfærum sem voru með í för.

Georg og Guðjón fóru í að taka skápinn í sundur fyrir endurvarpinn og síurnar, til þess að komast að tengingum á tækjum, á meðan Benedikt, TF3TNT fór út til að skoða hvar best væri að setja loftnetið (sem áður hafði verið í notkun við endurvarpann Búra þar til fyrr í sumar). Næsta mál var því að koma loftnetskaplinum úr hönkinni og þræða í gegnum mastrið og finna leið fyrir hann inn í húsið. Það tókst þegar búíð var að berja klakann sem var í veginum fyrir þeirri leið sem fyrirhuguð var. Ekki var þó hægt að setja loftnetið hátt í mastrið í þetta skipti, vegna mikils klaka og ekki var þorandi að hreyfa við honum vegna fállhættu á menn á staðnum. Verkefnið gekk vonum frammar og fengum við samband við formann

IRA í gegnum endurvarpann þegar allar græjurnar voru komnar á sinn stað og allt virkaði eins og átti að gera. Myndir sem TF3GZ tók á staðnum og birtar verða í næsta tölublaði CQ TF (4. tbl. 2024) tala sínu máli um útsýnið á þessum víðsýna stað sem Stútur er.

Fram kom ennfremur, að fjallið Strútur er 937 m. hátt fjall austan við Húsafell og vestanmegin við Eiríksjökul. Af fjallinu er mikið útsýni yfir Arnarvatnsheiði, Borgarfjörð, Húnavatnssýslur og Stranda-fjöll. Strútur er þannig nokkru hærra fjall en Esjan sem er í 924 m. hæð. Til samanburðar er TF3RPA á Skálafelli í 771 m.; TF5RPD á Vaðlaheiði í 551 m. og TF3RPB í Bláfjöllum í 690 m.

10. Umsögn IRA um IARU umsókn „Libyan Communications Amateur Society (LCAS).

Umsókn „Libyan Communications Amateur Society (LCAS)” að IARU var lögð fyrir fundinn og samþykkt samhljóða. LCAS var stofnað 12. maí á þessu ári í höfuðborginni Tripoli. Formaður er Majed Mustafa Bensreti, 5A21MB og varaformaður er Elabbas Omar Elnagem Dera, 5A21ZX.

11. Önnur mál.

a. Radiódót gefið félaginu; 12. september (TF3LB).

Stjórn IRA þakkar Lárusi Baldurssyni, TF3LB velvild í garð félagsins.

b. Erindi frá fjarskiptastofu.

Erindi Fjarskiptastofu með staðfestingu þess efnis að stofnunin muni gangast fyrir prófi til amatörleyfis laugardaginn 2. nóvember n.k. í Háskólanum í Reykjavík barst félaginu 16. september.

c. Radiódót gefið félaginu; 19. september (TF3LB).

Stjórn IRA þakkar Lárusi Baldurssyni, TF3LB velvild í garð félagsins.

d. Kaup á „IRTS HAREC Amateur Radio Station Licence Study Guide“; 24. september.

Stjórn IRA þakkar Jónasi Bjarnasyni, TF3JB fyrir kaup á *IRTS Study Guide* þann 24. september til nota fyrir Prófnefnd IRA, en TF3JB gefur IRA bókina. Andvirði nemur 8 þúsund krónum.

e. Radiódót gefið félaginu; 26. september (TF3LB).

Stjórn IRA þakkar Lárusi Baldurssyni, TF3LB velvild í garð félagsins.

f. Loftskiptastöðin, menningarmiðstöð; símtal frá forstöðumanni 30. september.

Formaður, TF3JB skýrði frá því að María Theódóra Ólafsdóttir forstöðumaður Loftskiptastöðvarinnar [við Suðurgötu] hafi haft símasamband 30. september um hugsanlega aðkomu IRA að umfjöllum um hvernig við getum notað mors í fræðum og listum með tilvísan til sögu hússins við Suðurgötu. Þá er hún að tala um mors og list og tengingu við félagsmenn IRA sem haldi morsinu lifandi, alla daga ársins. Til framtíðar sér hún fyrir sér fund/málstofu um morsíð og listina. Hugmyndin er að hittast að ræða málin. Hún hefur verið í sambandi við TF3KX og TF3UA sem hafi verið þess hvetjandi um að bjóða IRA aðkomu að verkefninu. Til viðbótar segir hún að hópur doktorsnema sem vinnur með tónlist og gervigreind hafi áhuga á morsí og músík. Þeir kalla sig „Intelligent Instrument Lab“ og hafi nýlega fengið aðstöðu í húsi Vigdísar Finnbogadóttur. Formaður, TF3JB sagðist hafa sagt henni frá samvinnu félagsmanna IRA og „Orgelkvartettsins Apparat“ árið 2000 sem til stóð að endurlífga árið 2022, en frestaðist þá vegna þess að salurinn í Tjarnarbíói var full bókaður.

Stjórnarmenn tóku vel í aðkomu IRA að verkefninu.

g. Tillaga TF2EQ um aðkomu IRA að viðburðadagskrá Borgarbókasafnsins í Grófinni; 3. október.

Formaður, TF3JB skýrði frá því að Elín Sigurðardóttir, TF2EQ væri stödd á landinu um þessar mundir og hafði haft samband við hann 30. september. Hún sagðist vilja vekja athygli á viðburðadagskrá sem er í gangi hjá Borgarbókasafninu í Grófinni og er í boði á 5. hæðinni þar. Vefslóð á viðburðina: <https://borgarbokasafn.is/bokasofn/93/vidburdir>

Elín hafi viljað vekja athygli á þessum möguleika fyrir félagið til að koma sér á framfæri og kynna amatör radió. Sammælst var um að hittast í félagsaðstöðunni 3. október. Það varð úr og ræddum við Georg Kulp, TF3GZ a.m.k. við Elínu um þessa ágætu hugmynd hennar. Í ljós kom, að Georg þekkir til í húsinu og hefur unnið það. Hann nefndi m.a. að þar væri upp mikið virloftnet – sem líklega hafi tilheyrt Vaktstöð siglinga. Þau Elín hafa í hyggju að skoða málið nánar og sérstaklega hvort hægt sé að tengja tæki af einhverri gerð við loftnetið – sem auki mjög möguleikana hvað varðar erindisflutning og kynningu á amatör radiói.

h. Tillaga um kaup á Bravilor pumpubrúsum til nota í salnum í félagsaðstöðunni; 3. október.

Þörf er á endurnýjun á kaffigeymum félagsins. Þetta eru gegnumnotuð tæki sem við fengum gefins eftir að ótilgreint fyrirtæki hætti að nota þá fyrir sitt starfsfólk fyrir 10 árum. Umboðs- og söluaðili er Bravilor er Bako-Ísberg ehf., Draghálsi 22 í Reykjavík.

Leitað hefur verið tilboðs hjá fyrirtækinu og býðst ÍRA 15% afsláttur. Þannig að í stað 56 þúsund króna getum við fengið 2 brúsa á 47.356 krónur. Samþykkt samhljóða heimild fyrir þessum kaupum.

Undir dagskrárliðnum kvað Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA sér hljóðs og spurði hvernig gengi að jarðbinda fjarskiptaherbergið sem um var rætt í bytjun ársins. Líflegar umræður spunnust um hvernig menn sjá fyrir sér jarðbindingar í svona herbergi. Niðurstaða úr þeirri umræðu var sú að ekki þyrfti að jarðbinda neitt í fjarskiptaherberginu.

Undir dagskrárliðnum var Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA samþykktur sem 4. maður í Stöðvarnefnd. Fyrir eru í nefndinni: Georg Kulp, TF3GZ formaður, Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY og Benedikt Sveinsson, TF3T.

i. Tillaga um uppsetningu á Motorola endurvarpa; „MotoTRBO DR3000-UHF“; 6. október.

Samþykkt var að setja upp Motorola DR300 UHF endurvarpa endurvarpa sem Erik Finskas, TF3EY/OH2LAK sem færði ÍRA að gjöf frá klúbbsi sínum í Finnlandi (OH2CH). Georg Kulp, TF3GZ tekur að sér að setja upp hillu fyrir endurvarpann í QSL herberginu á 2. hæð, en Eric mun tengja hann þegar hann kemur til landsins frá Finnlandi síðar á árinu. Ónotað loftnet er þegar til staðar uppsett á þakinu (J-póll) auk þess sem netbeinir félagsins mun notast vegna tengingar við netið.

12. Næsti fundur stjórnar.

Samþykkt að efna til næsta fundar stjórnar ÍRA fimmtudaginn 28 nóv n.k. kl. 18:00 í Skeljanesi

13. Fundarslit.

Formaður, TF3JB þakkaði mönnum góðar umræður og sleit fundi kl. 19:37.

Fundargerð ritaði
Georg Kulp / TF3GZ
ritari ÍRA



Íslenskir radióamatörar, starfsárið 2024/25

Fundargerð stjórnarfundar ÍRA nr. 5, haldinn fimmtudag 28. nóvember 2024 kl. 18:00 í Skeljanesi. Mættir: TF3JB formaður; TF1AM varaformaður; TF3GZ ritari; TF3PW gjaldkeri; TF3NH meðstjórnandi; TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn.

Tillaga að dagskrá.

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð 4. fundar frá 9. október 2024 lögð fram.
3. Yfirlit yfir helstu innkomin/útsend erindi á milli funda.

02.11.2024...Erindi til: Þátttaka í prófi Fjarskiptastofu til amatörleyfis 2. nóvember (sent í samráði við Kristinn Andersen TF3KX formann Prófnefndar ÍRA).
 08.11.2024...Erindi frá: Formanni framkvæmdastjórnar IARU Svæðis 1; varðar ENAMS 2.0 verkefnið (framsent á TF3KB og TF3UA).
 17.11.2024...Erindi frá: Ritara framkvæmdanefndar IARU Svæðis 1. Varðar skjal „CIS/H/507/CDV“ um trúflanadeyfigu (framsent á TF3KB og TF3UA).
 19.11.2024...Erindi frá: Z32TO formanni vinnuhóps IARU Svæðis 1 um HST (High Speed Telegraphy) vegna World Championship 15. mars 2025.
 21.11.2024...Erindi frá: Mariu Theódóru Ólafsdóttur, forstöðumanni Loftsklyptastöðvarinnar með þakklæti fyrir þátttöku í fundinum 1. nóvember.
 21.11.2024...Erindi til: Mariu Theódóru. Þakkað fyrir góð orð og fyrir gott boð þess efnis að ÍRA geti haldið aðalfund 2025 í húsnæði stöðvarinnar.

Orðsendingar milli stjórnarfunda í október: 8., 11., 12., 13., 14., 15., 16., 17., 18., 19., 20., 21., 22., 23., 24., 25., 28., 29., 30., og 31. (Alls 21 sendingar í október).
 Orðsendingar milli stjórnarfunda í nóvember: 1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 11., 12., 14., 16., 20. og 23. (Alls 15 sendingar í nóvember).

4. Skýrsla gjaldkera um innheimtu félagsgjalda 2024 og stöðu félagssjóðs.
5. Námskeið ÍRA til amatörprófs í Háskólanum í Reykjavík 16. september til 29. október.
 - a. „Laugardagur í Skeljanesi fyrir nýja leyfishafa“ fyrirhugaður 7. desember.
6. Próf Fjarskiptastofu til amatörleyfis í Háskólanum í Reykjavík 2. nóvember.
7. Nýtt tölublað CQ TF kom út 13. október.
8. Virkni félagsstöðvarinnar í alþjóðlegum keppnum á milli stjórnarfunda:
 - a. TF3W – Þátttaka í Scandinavian Activity Contest (SAC) 12.-13. október.
 - b. TF3W – Þátttaka í CQ World Wide DX SSB keppninni 26.-27. október.
 - c. TF3W – Þátttaka í CQ World Wide DX CW keppninni 23.-24. nóvember.
9. Bilun í rótor við 4 staka Yagi loftnet félagsstöðvarinnar á 20 metrum.
 - a. Bilun uppgötvast 11. október.
 - b. Nýr Pro.Sis.Tel. PST61D rótor pantaður og kom í hús 13. nóvember.
10. APRS stöð félagsins, TF3IRA-1Ø QRV á ný 7. nóvember.
11. Endurvarpar.
 - a. Bilun staðfest í Yaesu endurvarpa ÍRA á Vaðlaheiði (TF5RPD) 7. nóvember.
 - b. Motorola DR300 UHF SDR endurvarpa ÍRA komið fyrir í Skeljanesi 20. október.
12. Málstofa um mors í loftsklyptastöðinni, menningarsetri 1. nóvember var haldin á vegum: „Loftsklyptastöðvarinnar (TFA), Intelligent Instrument Lab (IIL) og Íslenskra radióamatöra (ÍRA)“.
13. Önnur mál.
 - a. Uppþökur af erindum og fyrirlestrum í Skeljanesi.
 - b. Heimild til kaupa á nýjum Pro.Sis.Tel. PST61D rótor.
 - c. Heimild til kaupa á 25 stk. borðfánunum með félagsmerki ÍRA og 5 fánastöngum.
14. Næsti fundur stjórnar.
15. Fundarslit.

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá

Formaður, TF3JB, setti fund kl. 18:10 og bauð menn velkomna. Mættir voru: TF3JB formaður; TF1AM varaformaður; TF3GZ ritari; TF3PW gjaldkeri; TF3NH meðstjórnandi; TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn. Hann lagði fram tillögu að dagskrá sem var samþykkt einróma.

2. Fundargerð 4. fundar frá 9. október 2024 lögð fram.

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit yfir helstu innkomin/útsend erindi á milli funda

Formaður, TF3JB fór yfir innkomin erindi; engar athugasemdir bárust.

4. Skýrsla gjaldkera um innheimtu félagsgjalda 2024 og stöðu félagssjóðs.

TF3PW, gjaldkeri upplýsti um að staða félagssjóðs væri: 1.625.300 kr. Alls eru 164 búnir að greiða félagsgjald og 10 eiga eftir að borga.

5. Námskeið ÍRA til amatörprófs í Háskólanum í Reykjavík 16. september til 29. október.

Formaður, TF3JB lagði fram skýrslu um námskeið félagsins haustið 2024, Fram kom m.a. að 19 þátttakendur voru skráðir, auk 4 sem voru skráðir í próf Fjarskiptastofu. Alls þreyttu 14 prófið. Í raffræði og radiótækni náðu allir fullnægjandi árangri til G-leyfis sem og í reglum og viðskiptum.

Kennsla fór fram í staðarnámi í HR og komu alls níu félagsmenn að kennslu á námskeiðinu: Ágúst Ú. Sigurðsson, TF3AU, Andrés Þórarinnsson, TF1AM, Hrafnkell Eiríksson, TF3HR, Hörður Mar Tómasson, TF3HM, Kristinn Andersen, TF3KX, Njáll H. Hilmarsson, TF3NH, Óskar Sverrisson, TF3DC, Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA og Yngvi Harðarson, TF3YH.

Í framhaldi af niðurstöðu umræðna á stjórnarfundum 29. ágúst (fundur nr. 3-2024/25) um ráðstöfun á upptökum frá námskeiði félagsins í fyrra (2023), var innsetning á heimasíðuna undirbúin. Þeir Jón Björnsson, TF3PW, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS og Hinrik Vilhjálmsson, TF3VH áttu góða samvinnu um verkefnið. Innsetning efnis var síðan gerð í þremur hlutum.

Líkt og fram kom hjá Kristni Andersen, TF3KX formanni Prófnefndar [sem var sérstakur gestur á stjórnarfundinum 29. ágúst s.l.] gæti námsefnið hjá landsfélagi radióamatöra á Írlandi (IRTS) verið sú lausn sem við höfum leitað að í stað „*Passport to Amateur Radio*“ sem er samansafn greina sem birtust í tímaritinu Practical Wireless á tímabilinu 1981-1982 eftir GW3JGA. Bókin sjálf er vegleg eða um 400 blaðsíður og þekur vel HAREC kröfurnar. Eins og Kristinn sagði, þá fæddist sú hugmynd, að e.t.v. megi hugsa sér að hver kennari (hjá okkur) merki við þær blaðsíður sem hann telur henti yfirferð hans í tímum í námskeiði félagsins. Þessi hugmynd var síðan kynnt í tölvupóstum til kennara og nemenda.

https://www.irts.ie/downloads/IRTS_HAREC_Amateur_Station_Licence_Study_Guide.pdf

Þess má geta, að Kristinn Andersen, TF3KX samdi nýtt námsefni sem kom til viðbótar og til hliðar við eldra efni frá Hauki Konráðssyni, TF3HK. Alls er um að ræða 16 glærur sem vísa í efni í IRTS bókinni, þ.e. „Sendar – valin atriði“ (10 glærur) og „Móttakarar (viðtæki) – valin atriði“ (6 glærur),

5.a. „Laugardagur í Skeljanesi fyrir nýja leyfishafa“ fyrirhugaður 7. desember.

Formaður, TF3JB skýrði frá því að fyrirkomuag verði líkt því sem var í fyrra (2023) og verður eftirfarandi dagskrá í boði.

Kl. 10:00-10:45. Dagurinn hefst með sameiginlegu morgunkaffi kl. 10:00 í salnum. Og kl. 10:15 verður farið yfir helstu þætti í starfsemi ÍRA, m.a. aðstöðu félagsins í Skeljanesi, fræðsludagskrár, fundi og námskeið (þ.m.t. til amatörprófs), heimasíðu, FaceBook síður, félagsritið CQ TF, ársskýrslu, árlega fjarskiptaviðburði ÍRA, alþjóðlegar keppnir, endurvarpa, stafvarpa, radióvita, gervihnattafjarskipti og helstu innanlandstíðnir á HF, VHF og UHF. Undir dagskrárlíðnum fer fram afhending fjarskiptadagbóka með kallmerkjum nýrra leyfishafa.

Kl. 10:45-11:00. Flutt verður glærुकunning um alþjóðastarf radióamatöra, m.a. IARU, NRAU og ITU, auk þess sem sýnd verður bandskipan fyrir HF böndin á IARU Svæði 1.

Kl. 11:00-11:15. Flutt glærुकynning um Logger32 rafræna dagbókarforritið. Undir dagskrárliðnum verður dreift QSL kortum og rætt um mikilvægi þess að ganga frá skráningu á QRZ.COM.

KL. 11:15-11:30. Menn bæta á sig kaffi og spjalla.

Kl. 11:30-14:00. Menn flytja sig upp í fjarskiptaherbergi TF3IRA þar sem tekið verður á móti hópnum. Farið verður yfir mors (CW), tal (SSB), fjarritun (RTTY) og stafrænar tegundir útgeislunar (FT8/FT4) og sýnt hvernig fjarskiptin fara fram – og þ.m.t. sérstaklega fjallað um hefðir í fjarskiptum radióamatöra og hvernig farið er í loftið, m.a. í DX. Í framhaldi er miðað við að sérhver nýr leyfishafi verði aðstoðaður við að fara í loftið á SSB frá félagsstöðinni TF3IRA.

Kl. 14:00-15:00. Farið aftur niður í sal og málin rædd yfir kaffiveitingum.

Stefnt er að því að hitta nýja leyfishafa 7 desember n.k.

6. Próf Fjarskiptastofu til amatörleyfis í Háskólanum í Reykjavík 2. nóvember

Próf Fjarskiptastofu til amatörleyfis var haldið í stofu M117 í Háskólanum í Reykjavík laugardaginn 2. nóvember kl. 10:00 árdegis. Af alls 24 þátttakendum sem ýmist voru skráðir á námskeið félagsins í haust (19) eða eingöngu í próf (5) mættu 14 á prófstað eða tæplega 60%.

Í raffræði og radiótækni náðu allir 14 fullnægjandi árangri til G-leyfis sem og í reglum og viðskiptum:

Albert Snær Guðmundsson, 200 Kópavogur – TF3GHP.
Birgir Freyr Birgisson, 110 Reykjavík – TF3BF.
Daniel Smári Hlynsson, 200 Kópavogur (Kallmerki óúthlutað 25.11.2024).
Emill Fjóluson Thoroddsen, 105 Reykjavík (Kallmerki óúthlutað 25.11.2024).
Guðjón Már Gíslason, 200 Kópavogur – TF3GMG.
Gunnar Bjarki Guðlaugsson, 220 Hafnarfjörður – TF5NN.
Gunnar Bjarni Ragnarsson, 104 Reykjavík – TF3GBR.
Helgi Gunnarsson, 220 Hafnarfjörður – TF3HG.
Hlynur Karlsson, 740 Neskaupstaður – TF6HLY.
Jón Atli Magnússon, 220 Hafnarfjörður – TF2AC.
Óskar Ólafur Hauksson, 210 Garðabær – TF3OH.
Ríkharður Þórsson, 112 Reykjavík – TF8RIX.
Róbert Svansson, 109 Reykjavík – TF3RS.
Sæmundur Árnason (Kallmerki óúthlutað 25.11.2024).

7. Nýtt tölublað CQ TF kom út 13. október.

Nýtt tölublað CQ TF, 4. tölublað 2024 kom út sunnudag 13. október. Nýja blaðið er alls 40 blaðsíður að stærð. Forsíðumyndin var tekin af Jóni Svavarssyni, TF3JON ljósmyndara félagsins. Alls á 31 félagsmaður efni í blaðinu þegar allt er talið, þ.á.m. ljósmyndir.

Félagarnir voru ánægðir með nýja CQ TF blaðið. Margir eru forvitnir um kínverska radióamatörinn sem kom hingað til lands [og er á forsíðu blaðsins].

8. Virkni félagsstöðvarinnar í alþjóðlegum keppnum á milli stjórnarfunda:

a. TF3W – Þátttaka í Scandinavian Activity Contest (SAC) 12.-13. október.

Sigurður R. Jakobsson, TF3CW virkjaði TF3W í keppninni. Niðurstaða: 393,984 heildarstig. Þakkir til TF3CW fyrir að virkja stöðina

b. TF3W – Þátttaka í CQ World Wide DX SSB keppninni 26.-27. október.

Sigurður Jakobsson, TF3CW virkjaði TF3W í keppninni. Þrátt fyrir að 20M Yagi loftnet félagsins væri „meira og minna“ út úr myndinni þá varð útkoman frábær, þ.e. 4.427 QSO og heildarpunktur 2,858,414.

c. TF3W – Þátttaka í CQ World Wide DX CW keppninni 23.-24. nóvember.

Alex M. Senchurov, TF3UT virkjaði TF3W í keppninni. Frábær útkoma hjá Alex, eða alls 3.180 QSO og 3.111.612 heildarpunktur. Þakkir til TF3UT fyrir að virkja stöðina.

9. Bilun í rótor við 4 staka Yagi loftnet félagsstöðvarinnar á 20 metrum.

a. Bilun uppgötvast 11. október.

Sigurður R. Jakobsson, TF3CW mætti í Skeljanes föstudag 11. október til að undirbúa TF3W fyrir þátttöku í SAC SSB keppninni. Þá kom í ljós að rótorinn við 4 staka Yagi loftnetið æa 20 metrum var fastur í 116° stillingu. Reynt var að kveikja og slökkva á stjórnkassanum, en ekkert breyttist. Það var því ljóst að bilun var í búnaðinum.

Mánudag 13. október mættu TF3JB og TF3CW í Skeljanes á ný í dagsbirtu. Reynt var að skoða allar leiðslur frá rótornum inn í fjarskiptaherbergi og upp turninn. Ekki var að sjá að neitt væri skaddað, enda hafði ekki verið sérstaklega stórvindasamt að undanförmu. Að kvöldi mánudagsins 13. október var rætt við Georg Magnússon, TF2LL í síma. Georg vildi meina, að við gætum einfaldlega fært stjórnkassana á milli, þ.e. tengt þann nýrri við 20M Yagi loftnetið til þess að fá á hreint að bilunin væri ekki í stjórnboxinu. Á þessum tímapunkti var ljóst, að það sem þyrfti að gera strax væri að framkvæma viðnámsmælingarnar.

Sunnudag 20. október mættu Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA og Sigurður R. Jakobsson, TF3CW í Skeljanes og voru gerðar viðnámsmælingar samkvæmt leiðbeiningum frá Georg Magnússyni, TF2LL. Þegar fyrstu mælingar voru frá (og leiddu ekki til niðurstöðu) var sett beint 24VDC spenna inn á tiltekna pinna í róortenginu (og þannig tengt framhjá stjórnkassanum). Niðurstöðurnar veittu heldur ekki svör. Georg kom með, sem líklega skýringu – að killinn í rótornum hafi líklega gefið sig – þannig að loftnetið væri sennilega að „hreyfast“ eftir veðri og vindum – stjórnlaust.

Þriðjudag 22. október var mætt í Skeljanes og var pöntuð spjótlyfta frá Örmum og kom Genie S-65 lyfta á staðinn kl. 12:40. Sigurður R. Jakobsson, TF3CW, Georg Kulp, TF3GZ og Jónas Bjarnason, TF3JB voru á staðnum. Georg fór upp í lyftunni og kom í ljós, að ekki var mögulegt að færa loftnetið úr stað...ekki einu sinni um 1 sentímetra þrátt fyrir að Georg notaði afl. Því var afráðið að Siggi færi upp í fjarskiptaherbergi og setti skipanir inn á stjórnkassann. Þær tilraunir leiddu í ljós, að Georg heyrði í rótornum þegar Siggi setti skipanir inn á stjórnkassann – en rótorinn haggðist ekki.

Við svo búið fengu menn sér kaffi inni í sal. Yfir kaffinu voru viðstaddir sammála um, að líklegast væri eitthvað skaddað/brotið inni í rótornum. Einfaldasta lausnin væri að panta nýjan rótor og þegar hann kæmi til landsins fá aftur spjótlyftu og skipta út fyrir þann skemmda.

9.b. Nýr Pro.Sis.Tel. PST61D rótor pantaður og kom í hús 13. nóvember.

Að höfðusamráði innan stjórnar var ákveðið, að fara þess á leit við Georg Magnússon, TF2LL að panta nýjan rótor (án stjórnkassa) frá framleiðanda. Georg gerði það og útvegaði félaginu 10% afslátt. Nýi rótorinn bast síðan til landsins 13. nóvember. Næsta skref er að fá skotbómukrana hjá Örmum ehf., og skipta þeim nýja út fyrir þann gamla.

10. APRS stöð félagsins, TF3IRA-1Ø QRV 7. nóvember.

Guðmundur Sigurðsson, TF3GS og Georg Kulp, TF3GZ mættu í Skeljanes fimmtudaginn 7. nóvember. Verkefni kvöldsins var að tengja á ný APRS búnað félagsstöðvarinnar. Georg mætti með RigExpert AA-600 loftnetssjá og var staðfest að Diamond SX-200N VHF/UHF stangarnetið var í góðu lagi, VSWR innan við 1.5. Vel gekk að uppfæra og tengja búnaðinn. TF3IRA-1Ø hefur verið QRV síðan.

11. Endurvarpar.

a. Bilun staðfest í Yaesu endurvarpa ÍRA á Vaðlaheiði (TF5RPD) 7. nóvember.

Henry Arnar Hálfánarson, TF3HRY var staddur á Akureyri 7. nóvember s.l. og tók að sér að líta á endurvarpann sem var QRT. Niðurstaða varð, að ekki tókst að endurræsa tækið og flutti Henry það til Reykjavíkur. Líkur á að ekki verði fært upp í heiðinna fyrr með vorinu þar sem þar er nú allt á kafi í snjó enda gamli vegurinn er ekki lengur ruddur. Þó mætti að sjálfsögðu alltaf gera ferð á vélsleðum á heiðina. Verkefnið er í umsjón Guðmundar Sigurðssonar, TF3GS VHF stjóra IRA.

b. Motorola DR300 UHF SDR endurvarpa ÍRA komið fyrir í Skeljanesi 20. október.

Bókun gerð á stjórnarfundum nr. 4/2024: „Samþykkt var að setja upp Motorola DR300 UHF endurvarpa endurvarpa sem Erik Finskas, TF3EY/OH2LAK sem færði ÍRA að gjöf frá klúbbi sínum í Finnlandi (OH2CH). Georg Kulp, TF3GZ tekur að sér að setja upp hillu fyrir endurvarpann í QSL herberginu á 2. hæð, en Eric mun tengja hann þegar hann kemur til landsins frá Finnlandi síðar á árinu. Ónotað loftnet er þegar til staðar uppsett á þakinu (J-póll) auk þess sem netbeinir félagsins mun notast vegna tengingar við netið“.

Hillan var sett upp 20. október og annaðist Georg Kulp, TF3GZ það verk. Hún var sett upp í QSL herberginu, innan við bókahilluna sem er á hægri hönd þegar gengið er inn í herbergið. Jafnframt boraði hann gat á gluggapóstinn (skáhallt) fyrir kóax fæðilínuna frá J-pól loftnetinu.

12. 12. Málstofa um mors í loftskeytastöðinni, menningarsetri 1. nóvember var haldin á vegum „Loftskeytastöðvarinnar (TFA), Intelligent Instrument Lab (IIL) og Íslenskra radióamatöra (ÍRA)“. Málstofa um mors í Loftskeytastöðinni, menningarsetri þann 1. nóvember var haldin á vegum Loftskeytastöðvarinnar (TFA), Intelligent Instrument Lab (IIL) og Íslenskra radióamatöra (ÍRA).

Fundurinn var auglýstur þannig: „Mors – Lifandi hefð“ þann 1. nóvember kl. 16:00-17:00. Íslenskir radióamatörar, þeir Kristján Benediktsson, TF3KB, Kristinn Andersen TF3KX og Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA munu hefja spjall og fara yfir sögu og framtíðarþróun Morse kóða. Í viðburðarrými verða til sýnis verk eftir Önnu Júlíu Friðbjörnsdóttur, þar sem hún endurspeglar kóðun og samskiptahætti á einstakan hátt. Rúmlega 30 manns sóttu fundinn.

(1) Anna Júlía Friðbjörnsdóttir talaði um: „Mors Kóða í Listum, Tækni og Tónum“ og verk hennar sem eru til sýnis á neðri hæð Loftskeytastöðvarinnar og endurspeglar kóðun og samskiptahætti í listrænu ljósi.

(2) TF3KB stiklaði á stóru um mors sem lifandi hefð, sögu þess, þróun, kenningu, o.fl. m.a. um HST í Túnis sl. október og nýtt heimsmet þar í háhraða morsi og hvatti til spurninga.

(3) TF3KX og TF3UA sýndu mors í praxís og segja frá tækni og tækjum, KX sýndi heimasmiðaðan QRP mors-sendi.

(4) Spurningar og umræður stóðu rúmlega hálf tíma fram yfir áætlaðan fundartíma.

Afrakstur spjallsins heldur áfram þegar Intelligent Instruments Lab (IIL) býður upp á tónleika og opna vinnustofu, þar sem doktorsnemar hljóðgerva Morse kóða og mynda tónlistarlega tengingu við sögu og merkingu hans. Vinnustofan gefur gestum tækifæri til að skoða tæknina og aðferðir hljóðlistar sem tengjast Morse kóða.

13. Önnur mál.

a. Upptökur af erindum og fyrirlestrum í Skeljanesi.

Formaður, TF3JB spurði stjórnarmenn hvort einhver gæti tekið að sér að setja fyrirlestrana á netið til niðurrhals fyrir félagsmenn. Njáll H. Hilmarsson, TF3NH meðstjórnandi sagðist kunna að setja inn fyrirlestrana og heppilegast væri að stofna Youtube reikning og setja fyrirlestrana þangað inn og er til í að vinna verkefnið fyrir félagið.

b. Heimild til kaupa á Pro.Sis.Tel. PST61D rótor.

Samþykkt samhljóða formleg heimild til kaupa á nýjum Pro.Sis.Tel PST61D rótor. Áætlaður kostnaður nemur 180 þúsund krónum.

c. Heimild til kaupa á 25 stk. borðfánum með félagsmerki ÍRA og 5 fánastöngum.

Samþykkt samhljóða að láta framleiða 25 stk. borðfána með félagsmerki ÍRA. Heildarkostnaður félagssjóðs nemur 103.600 krónum. Innifalið í þeirri fjárhæð eru kaup á 5 fánastöngum. Þess má geta, að Kristján Benediktsson, TF3KB er höfundurinn á bak við félagsmerkið og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS og Anna Henriksdóttir, TF3VB hönnuðu letur á fánann.

c. Leki á ofni í félagsaðstöðunni.

Fimmtudagkvöldið 21. nóvember kom leki að ofni í félagsaðstöðunni undir glugga á vesturhlið. Brugðist var við því daginn eftir þegar Georg Kulp, TF3GZ kom á staðinn, ásamt pípara til þess að

skoða hverju það sætti. Þegar komast þurfti í tæknirými í kjallara var hurð þar læst. Gripið var til þess ráðs að bora út sýlender til þess að komast í rýmið og gekk það vel. Ekki var hægt að skrúfa fyrir neinn kрана sem var þessum ofni viðkomandi vegna þess að flestir kranar voru ryðgaðir fastir. Haft var samband við aðila hjá Reykjavíkurborg [sama dag] og sendu þeir á staðinn pípara á sínum snærum sem blindaði kranann á viðkomandi ofni. Georg skipti svo um sýlender á kjallarhurð sem var boruð út svo að hægt væri að læsa þeirri hurð aftur. En smíðaðir voru aukalyklar til að eiga að tæknirýminu ef þetta kæmi fyrir aftur.

14. Næsti fundur stjórnar.

Samþykkt að efna til næsta fundar stjórnar ÍRA fimmtudaginn 16. janúar 2025 kl. 18:00 í Skeljanesi.

15. Fundarslit

Formaður, TF3JB þakkaði mönnum góðar umræður og sleit fundi kl. 18:55.

Fundargerð ritaði
Georg Kulp / TF3GZ
ritari ÍRA